# FRÉTTABLAÐIÐ

180. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 6. ÁGÚST 2019




Góð stemning var um verslunarmannahelgina í þægilegu veðri um allt land. Á Akureyri hlýddi mannfjöldinn á ljúfa tóna á hátíðinni Einni með öllu. Skemmtilegar myndir frá hátíðarhöldum á Norðurfirði á Ströndum og Þjóðhátíð í Eyjum er að finna á síðu 8 í blaðinu í dag og enn fleiri myndir eru á Plússíðu blaðsins á vefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri verslunarmannahelgarmyndir eru á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Ratcliffe segir náttúruvernd í forgangi

**Breski auðkýfingurinn Jim Ratcliffe kveðst nú hafa útvíkkað áætlanir um fjárfestingar sínar í staðbundnum verkefnum til verndar stofnum laxa í helstu veiðiám Norðausturlands.**

**VIÐSKIPTI** „Náttúruvernd hefur alltaf verið og verður áfram eini tilgangur aðkomu minnar á Norðausturlandi Íslands,“ segir breski auðmaðurinn Jim Ratcliffe í yfirlýsingu vegna jarðakaupa á Íslandi.

Í yfirlýsingu Ratcliffes sem Fréttablaðið fékk í hendur í gær segir hann nýleg kaup á jörðinni Brúarlandi 2 í Þistilfirði vera hluta af „yfirstandandi aðgerðum til verndar íslenska laxastofninum“. Kaupin séu „hluti af langtímaverndaráætlun á Íslandi sem hefur að markmiði að laxveiðar landsins verði þær bestu og sjálfbærustu sem fyrirfinnist í heiminum“.

Þá segir að Ratcliffe hafa útvíkkað áætlanir sínar um fjárfestingu í staðbundnum verkefnum til verndar laxinum í helstu laxveiðiám Norðausturlands. Markmiðið sé að vernda nærliggjandi landsvæði og viðkvæmt vistkerfi í heild.

> **Norðurausturhluti Íslands er einn af fáum uppeldisstöðvum laxins sem sloppið hafa hingað til og ég vil gera hvað ég get til verndar svæðinu.**
>
> Jim Ratcliffe



„Ofveiði ógnar stofni Norður-Atlantshafslaxins og honum fækkar hvarvetna í ám. Norðurausturhluti Íslands er einn af fáum uppeldisstöðvum laxins sem sloppið hafa hingað til og ég vil gera hvað ég get til verndar svæðinu,“ segir Ratcliffe í yfirlýsingunni.

Vika er síðan Fréttablaðið kynnti niðurstöður skoðanakönnunar Zenter rannsókna fyrir blaðið þar sem fram kom að mikill meirihluti, eða 83,6 prósent aðspurðra, er því fylgjandi að stjórnvöld setji frekari skorður við jarðakaupum erlendra aðila á Íslandi.

Í fréttinni um könnunina kom fram að Jim Ratcliffe ætti 40 til 50 jarðir á Norðausturlandi. Flestar jarðanna eru í Vopnafirði þar sem tvær af gjöfulli laxveiðiám landsins, Hofsá og Selá, renna.

„Árangur af endurbótum og fyrri fjárfestingum Jims Ratcliffe í Selá er þegar sýnilegur, en þar hefur veiði nú aukist frá ári til árs. Þetta eru jákvæð teikn um að verndaráætlun hans þoki hlutum í rétta átt, og gefi náttúrunni færi á að dafna,“ segir í yfirlýsingu hans.

Þá kveðst Ratcliffe vilja leggjast á árar til að viðhalda laxastofnunum á Norðausturlandi og vinna náið með bændum og byggðarlögum.

„Von mín er að úr starfinu verði til sjálfbær starfsemi í sátt við náttúruna, sem einnig komi lífríki svæðisins og samfélaginu öllu til góða,“ er haft eftir Jim Ratcliffe í yfirlýsingunni. **– gar** / **sjá síðu 4**




## Veður




Norðaustlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, en 8-13 NV-lands. Skýjað eða skýjað með köflum og víða lítilsháttar skúrir, en þurrt að kalla NV-til. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast um landið SV-vert. SJÁ SÍÐU 18



**Gengið með hund í Fossvogsdal.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bið á nýju gerði fyrir hundana

**DÝRAHALD** Skipulagsráð Kópavogs er hætt við áform um 1.200 fermetra hundagerði í Fossvogsdal milli Álfatúns og Fossvogsskóla.

Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs samþykkti í apríl tillögu um hundasvæði við göngustíga neðan Álfatúns. Skipulagsráð lét gera tillögu að breyttu deiliskipulagi og mátti skila inn athugasemdum til 25. júlí. Var það með vísan í athugasemdir og ábendingar sem bárust að fallið var frá tillögunni en skipulags- og byggingardeild þó falið að gera nýja tillögu að staðsetningu hundagerðis í dalnum. **– gar**

## Tuttugu létust í bílsprengingu

**KAÍRÓ** Tuttugu létust og 47 særðust í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, eftir að bílsprengja sprakk nærri bökkum Nílar í gær. Innanríkisráðuneyti Egyptalands segir Hasm-samtökin bera ábyrgð á árásinni.

Samkvæmt The Guardian varð sprengingin nærri skrifstofum Krabbameinsfélags Egyptalands upp úr miðnætti. Rýma þurfti hluta byggingarinnar vegna skemmda. Vitnað er til innanríkisráðuneytisins sem segir að bíl með miklu magni sprengiefna hafi verið ekið inn í aðvífandi umferð.

Hasm eru sögð ofbeldisfull samtök sem urðu til út frá hópi Múslímska bræðralagsins. **– kdi**

## Aftur í bæinn



**Þrír slösuðust, þar af fékk einn alvarlega höfuðáverka, í árekstri tveggja bíla á Suðurlandsvegi austan við Rauðhóla í hádeginu í gær. Öngþveiti myndaðist þegar ökumenn óku hjáleiðir. Mjög þétt umferð til Reykjavíkur í lok verslunarmannahelgar gekk að öðru leyti vel.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kynþáttahatur fordæmt en ekki byssueign

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti fordæmdi kynþáttahatur í kjölfarið á tveimur mannskæðum byssuárásum í Texas- og Ohiofylkjum. Samanlagt lést 31 í árásunum.

Jafnframt sagðist hann vilja endurskoða lög um andlegt heilbrigði og að upphafning ofbeldis yrði minnkuð í bandarísku þjóðfélagi, til dæmis í tölvuleikjum. Ræðu Trumps var þó ekki beint gegn byssueign sem slíkri. „Geðveiki og hatur tekur í gikkinn, ekki byssan sjálf,“ sagði hann. **– khg**



**Donald Trump Bandaríkjaforseti.**

# Richard kann íslensku og 50 önnur tungumál

**Hinn breski Richard Simcott, einn þekktasti tungumálamaður heims, dvelur í rúmlega mánuð á Íslandi í fríi. Richard kveðst hafa lært meira en fimmtíu tungumál og geta talað 25 þeirra, þar á meðal íslensku sem hann rifjar nú upp.**

**TUNGUMÁL** „Ég lærði íslensku á námskeiði við Háskóla Íslands fyrir sex árum en hef ekki talað hana lengi og því þurfti ég að rifja tungumálið upp,“ segir Richard Simcott.

Að sögn Richards tók það hann einungis um viku að geta spjallað við fólk. Framburður hans heyrist vera ekki ósvipaður og hjá útlendingum sem búið hafa um talsvert skeið hérlendis. Richard segist skilja íslensku betur en hann tali hana.

Þá getur hann einnig skrifað á íslensku. „Ég lærði sænsku fyrst og þess vegna var þetta ekki mjög erfitt,“ segir hann. „Ég talaði samt betri íslensku áður.“

Vanalega getur Richard lært nýtt tungumál frá grunni á þremur mánuðum en það getur farið niður í einn mánuð ef hann kann fyrir svipað tungumál.

Richard, sem er breskur, er nýkominn frá Makedóníu en þaðan er eiginkona hans. Eiga þau saman unga dóttur sem einnig hefur lært mörg tungumál.

„Ég og konan mín tölum saman á makedónsku. Við dóttur mína tala ég frönsku, þýsku, spænsku og ensku,“ segir Richard.

Hann starfar hjá fyrirtækinu The Social Element sem sér um samfélagsmiðlaherferðir fyrir stofnanir og fyrirtæki. Tungumálakunnátta hans hefur nýst honum vel á því sviði. Richard lærir tungumál eins og flestir aðrir, með námskeiðum og endurteknum æfingum.

„Besta leiðin til að læra er samt að tala við fólk. Ef ég tala ekki tungumálið getur kunnáttan tapast niður,“ segir hann.

Fimm ára lærði Richard frönsku og skömmu síðar velsku, en hann ólst upp við mörk Englands og Wales. „Það næsta sem ég lærði var spænska og í háskóla lærði ég finnsku, portúgölsku og ítölsku.“

Síðan bættust tungumálin við hvert af öðru. „Alls hef ég lært meira en 50 tungumál og ég get núna talað 25,“ segir Richard. Má þar til dæmis nefna albönsku, kínversku, tyrknesku og esperanto.

Núna leggur Richard stund á japönsku og er á leið til borgarinnar Fukuoka í október. Þar mun hann stýra margtyngis (polyglot) ráðstefnu í sjöunda skipti. Árið 2017 var ráðstefnan haldin í Hörpu í Reykjavík. **kristinnhaukur@frettabladid.is**



**Richard Simcott leggur nú stund á japönsku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég og konan mín tölum saman á makedónsku. Við dóttur mína tala ég frönsku, þýsku, spænsku og ensku.
>
> Richard Simcott

BÍLAMERKINGAR




Vel merktur bíll er ódýrasta auglýsingin

XPRENT HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is




**Mest seld í heimi**
Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátaðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa? Orkuskiptin eru hafin.

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Corolla, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**
**Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.**
**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | SPORLAUS

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

HYBRID

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **„Það þarf að verkjastilla hann og bera hann að þyrlunni"** Göngumaður sem slasaðist á Fimmvörðuhálsi er að öllum líkindum lærbrotinn.

**2** **„Þykir rosa leitt að ég varð að hætta við giggið"** Hætta þurfti við tónleika Svölu Björgvins á Akureyri á laugardag. Það leið yfir söngkonuna baksviðs.

**3** **Þrír fluttir á slysadeild eftir árekstur á Suðurlandsvegi** Suðurlandsvegi var lokað milli Hafravatnsvegar og Rauðhóla eftir umferðarslys.

**4** **Einn með alvarlega áverka eftir árekstur á Suðurlandsvegi** Einn hlaut alvarlega áverka í hörðum árekstri á Suðurlandsvegi þegar tveir bílar úr gagnstæðri átt skullu saman.

**5** **Höfuðkúpubrotinn eftir líkamsárásina** Annar mannanna tveggja sem fluttir voru með sjúkraflugi á Landspítalann úr Vestamannaeyjum um helgina er höfuðkúpubrotinn.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Minnisvarði reistur um hvunndagshetjuna Bangsa

**HVAMMSTANGI** Bæjarstjórn Húnaþings vestra hefur samþykkt að reisa minnisvarða um Björn Þóri Sigurðsson, eða Bangsa eins og hann var gjarnan kallaður. Það var Kótilettunefndin sem kom með þessa tillögu fyrir skemmstu en hún beitir sér fyrir ýmsum góðgerðarmálum á Hvammstanga og nágrenni.

Samkvæmt Guðmundi Hauki Sigurðssyni, í Kótilettunefndinni, er áætlað að minnisvarðinn verði reistur í haust á túninu sem nefnt er eftir Bangsa. Bangsi féll frá í september á síðasta ári, 83 ára að aldri.

„Bangsi var hvunndagshetja ef svo má segja," segir Guðmundur. „Hann var ákaflega vel liðinn af bæði fullorðnum og börnum og var alltaf að bjástra eitthvað í þorpinu."

Bangsi var ókvæntur og barnlaus og starfaði lengst af sem verkamaður. Þá reri hann einnig til fiskjar á bát sem hann smíðaði sjálfur um tvítugt.


**Bangsi var verkamaður sem reri til fiskjar.** MYND/BIRGIR KARLSSON

„Auk þess að koma upp skiltinu ætlum við að reyna að varðveita bátinn, endurbyggja hann og hafa hann einhvers staðar til sýnis."

Hvammstangi var byggður að stórum hluta á jörð sem var í eigu fjölskyldu Bangsa. Þess vegna er útivistarsvæðið í miðju bæjarins kallað Bangsatún. Hafa þar verið haldnar ýmsar bæjarskemmtanir svo sem hátíðin Eldur í Húnaþingi. **– khg**

# Ratcliffe boðar nýja laxastiga og miklar hrognasleppingar

**Auðmaðurinn Jim Ratcliffe vill útvíkka hrygningarsvæði laxa á Norðausturlandi þar sem hann á fjölda bújarða. Í yfirlýsingu segir að hann standi að ítarlegri langtímarannsókn á afkomu laxa í íslenskum ám og í norðanverðu Atlantshafi í samstarfi við Hafrannsóknastofnun hér og íslenska og erlenda háskóla.**

**VIÐSKIPTI** Jim Ratcliffe, stofnandi og stjórnarformaður INEOS, segir að hluti af aðgerðum til verndar laxinum sem áætlaðar séu á næstu fimm árum snúi að því að útvíkka hrygningarsvæði laxins með byggingu nýrra laxastiga í Hafralónsá í Þistilfirði og Hofsá og Miðfjarðará í Vopnafirði.

„Þá er fyrirhuguð umfangsmikil slepping á frjóvguðum hrognum í þessum ám, auk Selár. Þetta er í samræmi við almenna veiðireglu ánna um að veiddum fiski sé sleppt aftur," segir í yfirlýsingu sem Fréttablaðinu barst í gær frá kynningarfyrirtækinu KOM sem starfar fyrir breska auðmanninn hér á landi.

„Í samstarfi við nærsamfélagið á Norðausturlandi vinnur Jim Ratcliffe einnig gegn jarðeyðingu og að bættu heilsufari vistkerfis ánna, með fjárfestingu í endurræktun skóga og endurheimt gróðurfars," segir í yfirlýsingunni.

„Til þess að hægt sé að auka lífslíkur tegundarinnar sem mest, þá stendur Ratcliffe einnig að ítarlegri langtímarannsókn á afkomu íslenska laxins í ánum og í norðanverðu Atlantshafi. Rannsóknir fara fram í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og háskóla innan lands og utan."

Haft er eftir Ratcliffe að Norðausturland standi hjarta hans nær. „Eftir því sem heimsóknunum þangað fjölgar eykst löngun mín til þess að gefa svæðinu til baka, til að hjálpa Norður-Atlantshafslaxinum, sem er ógnað, og einnig til að styðja við samfélagið nærri ánum. Mín skoðun er að sjálfbær langtímanálgun með starfsemi sem stendur undir eigin fjármögnun skipti sköpum, geri laxinum kleift að þrífast vel, ekki bara um skemmri tíma heldur um alla framtíð," segir Jim Ratcliffe.


**Jim Ratcliffe og börn í Selá. Sam, Julia, Gísli Ásgeirsson frá veiðifélaginu Streng, Jim og George.** MYND/EINAR FALUR

> **Eftir því sem heimsóknunum þangað fjölgar eykst löngun mín til þess að gefa svæðinu til baka, til að hjálpa Norður-Atlantshafslaxinum, sem er ógnað, og einnig til að styðja við samfélagið nærri ánum.**
>
> Jim Ratcliffe



Rakið er að verndaráætlunin feli í sér sér nýja fjárfestingu og standsetningu veiðiskála, þar sem að komi iðnaðarmenn og fyrirtæki á svæðinu. „Um leið eru bændur á markvissan hátt hvattir til að halda búsetu á jörðum sem keyptar hafa verið, til að viðhalda hefðbundnum landbúnaði og jarðagæðum nærri ánum, og styðja með búsetu sinni með beinum hætti við nærsamfélagið."

Fullyrt er að kaup Ratcliffes á sínum tíma á meirihlutaeign í jörðinni Grímsstöðum sé „birtingarmynd heildstæðrar nálgunar Jim Ratcliffe á þetta mikilvæga verndarstarf". Meðeigendur Ratcliffes á Grímsstöðum eru íslenska ríkið auk smærri hluthafa. „Þótt svæðið sé að mestum hluta óbyggt mýrlendi, er á hálendi þess að finna helstu vatnasvið ánna á Norðausturströndinni. Markmið kaupanna voru að vernda og viðhalda þessu einstæða umhverfi hálendisins."

**gar@frettabladid.is**

# Þingvallahring lokað að nóttu

**UMFERÐ** Framkvæmdir við Þingvallaveg hafa gengið vel og verkið er á undan áætlun að því er kemur fram á vef Þingvallaþjóðgarðs. Eftir sé að endurgera um það bil fimm hundruð metra utan núverandi vinnusvæðis og því verði tímabundnar lokanir frá og með í dag á tilteknum vegköflum frá níu á kvöldin til átta á morgnana. Þetta muni vara alla daga til 14. ágúst.

„Vestan frá verður lokun rétt sunnan við afleggjara að Silfru/Valhöll (P5). Austan megin verður Lyngdalsheiðarvegi (365) lokað við Þingvallaveg (36)," segir á þjóðgarðsvefnum. Af þessum sökum sé ekki hægt að komast Þingvallahringinn að næturlagi.

Þá segir að búist sé við að nýr Þingvallavegur verði opnaður snemma í september. **– gar**




# Frægri orrustuflugvél flogið til Íslands

**FLUG** Uppgerð orrustuflugvél af gerðinni Spitfire sem notuð var í seinni heimsstyrjöldinni hefur viðkomu á Reykjavíkurflugvelli í dag. Vélinni verður flogið hringinn í kringum hnöttinn og er Ísland þriðji viðkomustaðurinn.

Flugmennirnir heita Matt Jones og Steve Boultbee Brooks og hófu þeir ferðina frá Goodwood í Bretlandi í gær. Alls munu þeir fljúga 43 þúsund kílómetra leið á fjórum mánuðum og koma við í 30 löndum.

Vélin var smíðuð árið 1943 og er aðeins fyrir einn flugmann. Jones og Brooks munu því skiptast á að fljúga henni og fylgivél. Í gær var henni flogið til Skotlands en í dag verður flogið norður til Færeyja og Íslands þar sem flugmennirnir dvelja yfir nótt. Þá verður haldið til Grænlands og vestur til Ameríku. Áætlað er að hringfluginu ljúki 8. desember.


**Leiðangursmennirnir fyrir flugtak í Bretlandi í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

Spitfire-vélarnar áunnu sér goðsagnakenndan sess í sögunni eftir orrustuna um Bretland. Þá tókst breska flughernum, RAF, að halda þeim þýska, Luftwaffe, í skefjum þrátt fyrir ofurefli. Var það meðfærileiki Spitfire-vélanna sem gerði gæfumuninn. **– khg**

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 92365 08/19




**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára**
Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetradag, 26. október 2019.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

**Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair**
Farðu á www.vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum, sem eru langveik eða búa við sérstakar aðstæður, að komast í draumaferðina sína.

+ **Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is**

Vildarbörn Icelandair

ICELANDAIR








**Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, tekur til máls í breska þinginu.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Brexit er Íslandi þungt

**Breska blaðið Financial Times segir Ísland í sjötta sæti landa sem verða fyrir mestum áhrifum af Brexit. Bretar undirbúa nú útgöngu án samnings við ESB.**

**UTANRÍKISMÁL** Ísland er eitt þeirra landa sem verða fyrir hve mestum áhrifum af útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu verði hún að veruleika án samnings. Nýr forsætisráðherra Bretlands, Boris Johnson, hefur skipað breskum embættismönnum að búa sig undir útgöngu án samnings en það hefur valdið titringi á mörkuðum og hefur pundið í kjölfarið fallið mikið í verði.

Johnson hefur heitið því að koma Bretlandi úr sambandinu hvað sem það kostar fyrir 31. október. Ljóst er að útganga án samnings mun hafa miklar afleiðingar í för með sér, ekki aðeins fyrir Bretland, heldur flest ríki álfunnar. Breska blaðið The Financial Times hefur nú birt úttekt á því hvaða lönd verða fyrir mestum áhrifum náist ekki að semja um útgönguna. Fjölmiðillinn setur þar Ísland í sjötta sæti.

Samhliða útgöngu án samnings yfirgefur Bretland tollabandalag Evrópusambandsins. Bresk fyrirtæki þyrftu því að fylla út tollskýrslur, breyta merkingum á matvörum sínum og fá sérstakar vottanir frá heilbrigðisyfirvöldum til að geta haldið áfram útflutningi á dýraafurðum. Samkvæmt tölum frá Samtökum atvinnulífsins fara um 10 prósent alls útflutnings frá Íslandi til Bretlands. Verðmæti þeirra vara nemur um 400 milljónum punda, jafnvirði um 60 milljarða króna, en mikil óvissa ríkir um hvaða áhrif útganga Bretlands mun hafa á þessi viðskipti.

> **10%**
> **alls útflutnings frá Íslandi fara til Bretlands samkvæmt tölum Samtaka atvinnulífsins.**

Írland verður þó án efa fyrir mestum áhrifum af útgöngu Bretlands úr tollabandalaginu. Norður-Írland er þannig hluti af Bretlandi og mun ganga úr sambandinu á meðan Írland verður áfram aðildarríki. Líklega þarf því að koma upp einhvers konar tolleftirliti við landamæri ríkjanna.

Mikið magn persónuupplýsinga berst á milli fyrirtækja og opinberra stofnana í Bretlandi og Evrópu á hverjum degi. Ekki er víst að slíkir gagnaflutningar standist lög ef engir samningar nást fyrir útgönguna. Truflun á flæði þessara gagna gæti sett starfsemi ýmissa fyrirtækja í algjört uppnám og í versta falli orðið til þess að einhver þeirra þyrftu að hætta starfsemi sinni utan í Evrópu.

Þá mun útgangan hafa nokkur áhrif á starfsemi flugfélaga. Til að mynda mættu flugfélög á borð við Ryanair og Easy Jet ekki fljúga frá Bretlandi til Evrópuríkis og halda þaðan áfram til annars Evrópuríkis. Það kallar á sérstakar heimildir. Bresk flugfélög þyrftu einnig að vera í meirihlutaeigu aðila innan Evrópusambandsins til að geta flogið frjálst á milli staða í álfunni. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur þó samþykkt reglugerð sem heimilar flug frá Bretlandi til evrópskra borga þar til í mars á næsta ári.

Án samnings mun Bretland einnig segja skilið við sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins. Það þýðir að evrópsk skip munu ekki hafa aðgang að breskum miðum en samkvæmt Evrópusambandinu er verðmæti afla evrópskra skipa á breskum miðum um 585 milljónir evra á ári. Þá reiða Belgar sig mjög á bresku miðin en um helmingur heildarafla þeirra kemur þaðan.

**ottar@frettabladid.is**

# 25 höfuðkúpum Sama verður skilað

**SVÍÞJÓÐ** Höfuðkúpum 25 Sama verður skilað til Norður-Svíþjóðar, þar sem þær voru grafnar upp fyrir um 70 árum. Kúpurnar voru rannsakaðar á grundvelli kynþáttahyggju.

Höfuðkúpurnar voru grafnar upp í bænum Lycksele á sjötta áratugnum og fluttar á Sögusafnið í Stokkhólmi. Þar voru þær rannsakaðar en hafa síðan legið óhreyfðar í geymslu. Þann 9. ágúst verða þær fluttar norður og grafnar að nýju með viðhöfn.

Framan af 20. öldinni máttu Samar í Svíþjóð þola mismunun og aðskilnað, til dæmis í skólakerfinu. Þá stundaði sænska kirkjan ágengt trúboð í landi Sama. Mikil vitundarvakning hefur orðið í málefnum Sama síðan. Svíþjóðardemókratar hafa þó barist gegn réttindum þjóðarbrotsins.



**Samar máttu lengi þola mismunun í Svíþjóð.** NORDICPHOTOS/GETTY.

Mannfræðingar á 19. og 20. öld grófu upp höfuðkúpur og gerðu rannsóknir á þeim sem í dag myndu teljast ansi vafasamar en reynt var að leggja mat á gáfnafar Sama út frá stærð og lögun kúpunnar. Í Uppsölum var rekin kynþáttarannsóknarstofa fram á sjötta áratuginn.

Samíska þingið í Svíþjóð hefur barist fyrir því í tólf ár að höfuðkúpunum sé skilað svo að hægt verði að grafa þær á ný. Er þetta því fyrsta skrefið í átt til sátta en á tíu önnur sænsk söfn eiga samískar höfuðkúpur í safnkosti sínum. Í framhaldinu mun Þjóðminjaráð Svíþjóðar skila skýrslu um hvernig tekið skuli á líkamsleifum manna í opinberum söfnum. **– khg**

WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**SUBARU Forester LUX+**
Nýskr 08/18, ekinn 7 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.790.000 kr.**




**RENAULT Espace Zen Bose**
Nýskr. 01/18, ekinn 16 þ.km,
dísil, sjálfskiptur
**Verð 6.190.000 kr.**




**SUZUKI SX4**
Nýskr. 02/17, ekinn 19 þ.km,
bensín, 5 gírar.
**Verð 2.990.000 kr.**




**OPEL Corsa E**
Nýskr. 07/17, ekinn 28 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.990.000 kr.**




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 30 þ.km,
dísil, 6 gírar.
**Verð 3.490.000 kr.**




**HYUNDAI Kona Style 4wd**
Nýskr. 05/18, ekinn 11 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.690.000 kr.**




**RENAULT Clio Intens Sport Tourer**
Nýskr. 01/18, ekinn 4 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.790.000 kr.**




**KIA Rio SX**
Nýskr. 05/18, ekinn 30 þ.km,
dísil, 6 gírar.
**Verð 2.890.000 kr.**




**BMW I3S 94 ah**
Nýskr. 03/18, ekinn 10 þ.km,
rafmagn.
**Verð 4.690.000 kr.**




**NISSAN Juke Acenta**
Nýskr. 07/18, ekinn 11 þ.km,
dísil, 6 gírar.
**Verð 3.290.000 kr.**

## TILBOÐSBÍLAR

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði.**
**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Lykill fjármögnun




**DACIA Logan**
Nýskr. 12/15, ekinn 93 þ.km,
dísil, 5 gírar
**Verð 1.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**990.000 kr.**
***12.897 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**HONDA HRV Elegance**
Nýskr. 03/17, ekinn 20 þ.km,
bensín, sjálfskiptur
**Verð 3.190.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.790.000 kr.**
***35.654 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**RENAULT Megane Zen**
Nýskr. 08/16, ekinn 22 þ.km,
bensín, 6 gírar.
**Verð 2.490.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.990.000 kr.**
***25.540 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**HYUNDAI Santa Fe III Comfort**
Nýskr. 11/15, ekinn 58 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.490.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**3.990.000 kr.**
***50.826 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 01/16, ekinn 59 þ.km,
dísil, 6 gírar.
**Verð 2.990.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**
***30.597 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

ENNEMM / SÍA / NM95075



- Ástandsskoðun
- Allt að 80% lán
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland



# Stuð í öllum landshornum

Fjör var um verslunarmannahelgina. Stefán Karlsson ljósmyndari var á Fjörusöng í Norðurfirði á Ströndum og Óskar P. Friðriksson myndaði í Eyjum.













# Góðir dagar

Stefán Karlsson myndaði hátíðarhöld verslunarmannahelgarinnar í Norðurfirði á Ströndum þar sem á annað hundrað manns tóku þátt í Fjörusöng og Óskar P. Friðriksson var í Eyjum og skrásetti fjörið á Þjóðhátíð þar sem ívið fleiri mættu. Hvar sem menn voru virtust þeir skemmta sér jafn vel.









ORMSSON

# Sparidagar

HEFJAST Í DAG

fyrir heimilin í landinu

AEG 15-40% afsláttur

## 15-40% AF AEG HEIMILISTÆKJUM

UPPÞVOTTAVÉLAR, ÞVOTTAVÉLAR, OFNAR, RYKSUGUR, ÞURRKARAR, SMÁTÆKI OG HELLUBORÐ

de BUYER — 25% afsláttur — POTTAR OG PÖNNUR

ZWILLING — 20% afsláttur — HNÍFAR

BRAUN SMÁDÓT — 20-30% afsláttur

Tefal — POTTAR OG PÖNNUR — 30% afsláttur

15% afsláttur

A+++

## SAMSUNG Á SPARIDAGAVERÐI

UPPÞVOTTAVÉLAR, ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR, FRYSTI- OG KÆLISKÁPAR

UNOLD BÚSÁHÖLD — 25% afsláttur

Airforce — 20-70% afsláttur — VIFTUR OG HÁFAR

brabantia — 20% afsláttur — RUSLAFÖTUR OG BÚSÁHÖLD

10% afsláttur

## SAMSUNG QLED 2019

QLED Q70 PQI 3300

| | VERÐ ÁÐUR: | SPARIDAGAVERÐ |
|---|---|---|
| 49" | ~~239.900~~ => | 215.910 |
| 65" | ~~359.900~~ => | 323.910 |
| 75" | ~~539.900~~ => | 485.910 |

Gerð: QLED / Sería: 7 / Stærð: 55" - 138cm / Upplausn: 3840 x 2160 / Curved: Nei / PQI: 3300 / HDR: Quantum HDR 1000 / HDR10+: Já

55" Q70R

2019 QLED — Real 4K Resolution

•Quantum Processor 4K •Quantum Dot •Color Vol100% •Q HDR

Verð áður kr. 269.900.-

SPARIDAGAVERÐ: 242.910,-

## SAMSUNG

50"

Gerð: Smart Ultra HD / Sería: 6 / Stærð: 50" / Upplausn: 3840 x 2160 / Curved: Nei / PQI: 1300 / HDR: Já

Verð áður kr. 109.900.-

SPARIDAGAVERÐ: 79.900,-

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18

ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |

# Íseyjan



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Heimurinn breytist hraðar en við flest gerum okkur grein fyrir. Kínverjar eiga enn langt í land með að ná þeim kaupmætti og lífsgæðum sem tíðkast hér á Vesturlöndum. Þeir eru engu að síður að slá hvert efnahagsmetið á fætur öðru. Utanríkisráðuneytið íslenska hefur ítrekað bent á þessa breyttu heimsmynd: Kínverska millistéttin er orðin fjölmennari en íbúar Bandaríkjanna og Kanada samanlagt.

Þessi bættu lífskjör og kaupgeta Kínverja þýðir ekki síst að þeir hafa meiri áhuga á ferðalögum. Í dag áætlar ferðamannastofnun Sameinuðu þjóðanna að Kínverjar beri ábyrgð á fimmtungi heildarneyslu allra ferðamanna heimsins.

Það er því fyllsta ástæða til að huga vel að því hvernig þessi vöxtur kínverska efnahagslífsins kann að gefa Íslendingum tækifæri. Hvar liggja þau og hvað ber að varast? Tækifærin eru til staðar en þau eru ekki sjálfgefin, um þau verður keppt. Það að Íslendingar nái árangri í þeirri keppni er undir okkur sjálfum komið.

Ferðamálastofa hér á landi fer með stjórnsýslu ferðamála, fylgist með og stuðlar að þróun greinarinnar með samræmingu, greiningum og rannsóknum. Samkvæmt tölum stofunnar, horft til síðustu tólf mánaða, eru Kínverjar fjórði fjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi, á eftir Bandaríkjamönnum, Bretum og Þjóðverjum, eða 93.829. Það eru 4,3 prósent af heildar ferðamannafjölda síðustu 12 mánaða. Kínverskum ferðamönnum hefur fjölgað um 12,6 prósent frá fyrra ári.

Þetta eru verðmætir ferðamenn. Mælingar á útgjöldum ferðamanna frá janúar til apríl á þessu ári gefa til kynna að útgjöld kínverskra ferðamanna séu um 4,3 prósent af heildarútgjöldum, eða um 4,1 milljarður króna. Meðalútgjöld Kínverja á þessum vormánuðum voru um 336 þúsund krónur. Það eru talsvert hærri meðalútgjöld en annarra þjóða.

Ferðamálastofa segir þetta að stærstum hluta unga Kínverja. Þeir gisti að mestu á hótelum og gistiheimilum, um helmingur fer á bílaleigubíl, helmingur sækir íslensk söfn, tæpur þriðjungur fer í hellaskoðun og hvalaskoðun. Mikilvægt er að meirihlutinn er hér utan háannatíma.

Það er ánægjulegt að 86 prósent aðspurðra ætli sér að koma aftur og um 79 prósent segjast mæla með landinu sem áningarstað.

Spár um fjölgun kínverskra ferðamanna eru flestar á einn veg. Þeim mun fjölga mjög. Það kallar á skýra stefnumörkun, og undirbúning hvað varðar þýðingu upplýsinga, menntun í tungumálum og menningu.

Það kallar líka á að íslenska ferðaþjónustan fylgi nýjustu straumum í fjártækni. Greiðsluhegðun kínverskra ferðamanna, ekki síst þeirra yngri, er ólík flestum öðrum. Kreditkortanotkun þeirra er minni en annarra og meira er greitt með reiðufé. Meirihluti þeirra notar rafrænar greiðslulausnir með síma.

Sé horft á heimskort Kínverja er Ísland við ystu mörk, landið sem á kínversku ber hið ljóðræna heiti „Bing dao“ eða Íseyjan. Undir norðurljósum togar Íseyjan á heimsenda í æ ríkari mæli til sín kínverska ferðalanga. Tökum vel á móti þeim.

**Undir norðurljósum togar Íseyjan á heimsenda í æ ríkari mæli til sín kínverska ferðalanga. Tökum vel á móti þeim.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Langorð lygi í Mogga**
**„Ekki lýgur Mogginn“ er frasi sem haldið hefur verið fram í áratugi. Skýtur nú skökku við að viðskiptaritstjóri téðs blaðs segi aðsenda grein Vilhjálms Bjarnasonar um eðli og inntak EES-samningsins vera „langorða lygi“. Hefur þessi fullyrðing vakið töluverða hneykslan, til að mynda hjá Þorkeli Sigurlaugssyni athafnamanni sem spyr um siðareglur Morgunblaðsins í þessu samhengi. Þykir honum athugasemdin ekki hæfa efninu, enda þykir pistill Vilhjálms hófstilltur með endemum. Verður ekki betur séð en að hið óvægna málfar aðalritstjórans hugljúfa sé farið að síast út í aðra forsprakka blaðsins og engum er þyrmt. Ekki einu sinni þeim sem voga sér að senda inn greinar til birtingar.**

**Svolítið hryggur**
**Það var þyngra en tárum tæki að heyra að tollar á innflutta lambahryggi verði ekki lækkaðir eins og ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara lagði til við landbúnaðarráðherra í því skyni að bregðast við skorti á markaði. Aðspurður sagðist Ólafur Stephensen, stórskotaliðsforingi Félags atvinnurekenda, „svolítið hryggur“ vegna niðurstöðunnar um lambakjötið en hann vonar „að menn læri af henni“.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

# Að setja varalit á þingsályktun



Gunnar Dofri Ólafsson
lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Gallinn við fræðin er að þau geta verið flókin. Gallinn við sérfræðinga er að þeir eiga oft erfitt með að útskýra fræðin fyrir öðrum en sérfræðingum á sama sviði. Sérstaklega á einfaldan hátt. Þetta býður hættunni heim. Snákaolíusölumenn sneru upp á læknavísindin og seldu remedíur og undralyf við alls kyns sjúkdómum, fullmeðvitaðir um að þau gerðu ekkert annað en að fylla vasa þeirra. Þeir sem vilja snúa út úr öðrum fræðum geta gert það með jafnsannfærandi hætti við þau sem kunna ekki fræðin. Lögfræðin er engin undantekning.

Útúrsnúningur í orkupakkaendaleysunni eru skrif Ólafs Ísleifssonar þar sem hann heldur fram að forseti Íslands geti beitt 26. grein stjórnarskrárinnar til að synja undirritun þingsályktunartillögu og þannig lagt þingsályktunartillöguna sem Miðflokksmenn hafa sett Íslandsmet í að þrasa um í dóm þjóðarinnar. Þetta er augljóslega rangt. 26. grein stjórnarskrárinnar á ekki við um þingsályktanir eða nokkuð annað en lagafrumvörp. Flóknara er það ekki. Spilaborgin sem byggir á að forsetinn vísi þingsályktun til þjóðarinnar er fallin og restin af þessari grein því tímasóun. En áfram skröltir hann þó.

Margrét Einarsdóttir, sami dósent í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og Ólafur vísar í í grein sinni, ritaði: „Það mun koma í hlut Alþingis að taka ákvörðun um afléttingu hins stjórnskipulega fyrirvara við 3. orkupakkann og forseti Íslands hefur ekki stjórnskipulegar heimildir til annars en að staðfesta þá þingsályktun.“

Það er sama hvað þú setur mikinn varalit á þingsályktun, hún verður ekki lagafrumvarp. Allt tal um að forsetinn geti vísað henni til þjóðarinnar er marklaust og byggir annaðhvort á grundvallarmisskilningi eða vísvitandi rangfærslum. Vonandi því fyrrnefnda.

Vangaveltur um þetta ekkihlutverk forsetans hljóma því eins og að málþófsmennirnir séu að reyna að bora sér bakdyr úr pontu Alþingis til að geta bent á að einhver annar hafi brugðist þegar baklandið þeirra spyr hvers vegna þeir hættu málþófinu.

**Það er sama hvað þú setur mikinn varalit á þingsályktun, hún verður ekki lagafrumvarp.**

Gasskynjari
Skynjar og gefur frá sér viðvörun við:
• Própan
• Bútan
• CO2
• Reyk
Engar snúrur, ekkert vesen
Hentar vel í sumarbústaðinn eða húsbílinn


Gasskynjari með rafhlöðu • 10 ára ending!
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Já, fullveldið skiptir máli



**Helga Vala Helgadóttir**
þingman Samfylkingarinnar

Í aðdraganda innleiðingar þriðja orkupakkans, sem hér eftir verður nefndur O3, hafa margir lagt orð í belg ýmist umbeðnir eða af sjálfsdáðum. Innlendir og erlendir lögspekingar hafa margir verið beðnir um að skila inn lögfræðiálitum til Alþingis og mæta á fundi fastanefnda til að gera grein fyrir afstöðu sinni, byggðri á sérþekkingu þeirra. Á þeim upplýsingum byggja þingmenn svo sína afstöðu til þessa sjóðheita pólitíska máls sem skekið hefur þingheim og hluta samfélags síðustu mánuði. Þess vegna skiptir öllu máli að þingmenn mæti á fundi, lesi erindi lærðra og leikinna, spyrjist fyrir og hlusti ætli þau sér að sinna starfi sínu af heilum hug.

### Sérfræðingurinn

Einn þeirra sem lagt hafa sitt lóð á vogarskálar upplýsingamiðlunar vegna O3 er Arnar Þór Jónsson héraðsdómari. Arnar Þór hóf leiðangur sinn til upplýsingagjafar af hófsemi og fagmennsku en einhverra hluta vegna hefur, eftir því sem greinum hans fjölgar, örlað nokkuð á því að dómarinn sé orðinn beinn þátttakandi í pólitík því eins og dómarinn hefur ritað sjálfur er umræðan um O3 farin að umbreytast í djúpstæða pólitíska krísu. Orð hans um valdagíruga menn, jafnvel í teinóttum jakkafötum, alríki og einræðisríki fá mann til að gruna að þar fari maður á leið í beina stjórnmálaþátttöku en ekki maður sem vill, á grunni sérfræðiþekkingar sinnar og stöðu sem héraðsdómari, láta taka mark á sér. Telur hann mikilvægt að taka þátt í þeim „pólitíska landskjálfta“ eins og hann orðar sjálfur, þrátt fyrir að siðareglur dómara mæli eindregið gegn því að dómarar hætti sér á þá braut.

### Fullveldið

Í lögfræði er fullveldið skilgreint út frá innra og ytra fullveldi. Hið innra snýr að því að ríkið fari á yfirráðasvæði sínu með allar valdheimildir sem tilgreindar eru í stjórnarskrá, hvaða reglur gilda og viðurlög en hið ytra fullveldi skilgreint sem vald ríkis til að gera samninga við önnur ríki, koma fram sem sjálfstæð eining, gerast aðili að alþjóðasamningum og alþjóðastofnunum byggt á eigin hagsmunamati. Ákvörðun ríkis um slíkt felur þannig í sér að það beitir sínum fullveldisrétti og hefur þannig fullt vald til slíks samstarfs.

### Ábyrg og virk þátttaka

Ísland er aðili að margvíslegum samningum, þar á meðal Evrópska efnahagssvæðinu, Sameinuðu þjóðunum og Mannréttindasáttmála Evrópu. Ofangreindur dómari hefur í greinarskrifum sínum bent á að Íslendingar hafi fremur verið móttakendur en þátttakendur þegar kemur að EES-samstarfinu og kann það vel að vera en það er nú svo að það er ekki á ábyrgð samstarfsaðila okkar heldur okkar sjálfra hafi svo verið. Eitthvað hefur nú verið gert til að auka við frumkvæði okkar og virkni á því sviði á undanförnum misserum og fagna ég því mjög þó betur megi gera. Þegar við gengum til samstarfs við aðrar fullvalda Evrópuþjóðir um frjálsa för fólks, vöru og þjónustu þá gerðum við engar breytingar á stjórnarskrá Íslands, líkt og Norðmenn gerðu. Það var einnig ákvörðun íslenskra stjórnvalda, hins fullvalda ríkis, en ekki viðsemjenda okkar. Þannig er þetta heimatilbúið ástand sem hægt er að laga sé vilji fyrir hendi. Eftir sem áður setjum við lögin hér á landi, svokallað tvíeðli EES-samningsins er fyrir hendi þannig að þegar reglugerðir og tilskipanir hafa verið samdar í Evrópu og farið fyrir hina sameiginlegu EES-nefnd með aðkomu okkar fulltrúa við borðið, þá koma þær til Alþingis til vinnslu og verða þannig að lögum hér á landi. Stjórnskipulegum fyrirvörum er aflétt af Alþingi eftir að það hefur farið yfir álitaefnin með aðstoð ýmissa sérfræðinga.

Dómarinn hefur í greinum sínum einnig fett fingur út í það að við skulum horfa til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu, sem hefur ágreiningslaust leitt til ýmiss konar réttarbóta á Íslandi. Talar hann um að við séum með því samstarfi einhvers konar lén MDE án þess að við fáum þar rönd við reist! Ég verð að viðurkenna undrun mína á afstöðu dómarans til þessa virta og mikilvæga dómstóls.

### Rétt skal vera rétt

Það er ábyrgðarhluti að veita upplýsingar. Þannig hefur dómarinn því miður gerst sekur um að blanda saman vöru og framkvæmdum í orðum sínum. Hefur hann haldið því fram að lagning sæstrengs sé skilyrðislaus afleiðing innleiðingar O3 þegar honum er vel kunnugt um að hingað verður enginn strengur lagður án heimildar, ekki frekar en einhver „valdagírugur maður í teinóttum jakkafötum“ getur lagt hér veg þvert yfir landið þrátt fyrir skýr fyrirmæli um frjálsa för fólks. Við höfum áfram sem hingað til yfirráð yfir landi okkar og miðum og þannig verður það hvort sem af innleiðingu O3 verður eða ekki. Að lokum vil ég bjóða dómarann velkominn í pólitíkina. Hún getur verið ansi skemmtileg á köflum.




OPNUM Í
NÝ GLÆSILEG VERSLUN Í MÖRKIN
FREI
THONET & VANDER
FERÐAHÁTALARAR
3.995
VERÐ ÁÐUR 7.990
50% Afsláttur
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
ALLT AÐ
60 ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF YFIR 300 FARTÖLVUM
VEISLA
ALLA VIKUNA
Fjöldi opnunartilboða og ljúffengur Lurkur frá Emmessís í boði:)
GPS
WONLEX KRAKKAÚRIN KOMIN AFTUR:)
7.992
VERÐ ÁÐUR 9.990
TÍVOLÍ emmessís
LURKUR
Með súkkulaðidýfu
20% Afsláttur
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
emmessís
20% Afsláttur
AF ÖLLUM PS4 LEIKJATÖLVUM OG PS4 VR
Allt að
50% Afsláttur
MÓÐURBORÐ OG SKJÁKORT
Allt að
50% Afsláttur
AF FARTÖLVU-TÖSKUM
TÖLVUTEK
Reykjavík • Mörkin 3 • 563


DAG KL 10
INI 3 • FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA
20% Afsláttur
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
STÓLL
COMMANDER LÚXUS LEIKJASTÓLL
19.794
VERÐ ÁÐUR 32.990
40% Afsláttur
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
144Hz
ACER 24" 144Hz LEIKJASKJÁR
29.592
VERÐ ÁÐUR 36.990
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
AF YFIR 1000 VÖRUM
ALLT AÐ 60 ÞÚSUND
AF ÖLLUM LEGION LEIKJATURNUM
50% Afsláttur
AF ÖLLUM STAR WARS DRÓNUM
Allt að 50% Afsláttur
AF HEYRNARTÓLUM
50% Afsláttur
ÖLL MINNISKORT OG LYKLAR
6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
6. ágúst 2019 • Tilboð gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# Guardiola heldur áfram að sanka að sér titlum á Englandi

Manchester City vann sinn sjöunda titil undir stjórn Pep Guardiola þegar ensku meistararnir unnu Samfélagsskjöldinn gegn Liverpool um helgina. Liðin tvö voru í sérflokki í ensku úrvalsdeildinni síðasta vetur og virðast ekki ætla að slá af sem þýðir að erfitt verður fyrir önnur lið að halda í við toppliðin tvö.

**FÓTBOLTI** Ótrúleg sigurganga Manchester City undir stjórn Pep Guardiola heldur áfram en um helgina lyftu Guardiola og hans menn sjöunda bikarnum eftir sigur á Liverpool í úrslitaleiknum um Samfélagsskjöldinn. Er þetta annað árið í röð sem City vinnur þennan titil og verða lærisveinar Guardiola áfram handhafar allra titla sem í boði eru á Englandi fyrir lið í efstu deild næstu mánuðina.

Snemma leiks virtist City vera í sérflokki, Liverpool réð illa við fjölbreyttan sóknarleik og pressu Manchester City sem fann fjölmargar glufur á vörn Liverpool. Á upphafsmínútunum tókst Raheem Sterling að koma Manchester City yfir af stuttu færi eftir mistök í varnarlínu Liverpool, hans fyrsta mark gegn Liverpool í tíundu tilraun.

City hélt áfram að sækja og fékk Sterling gott færi til að bæta við forskotið í upphafi seinni hálfleiks en var of lengi að athafna sig.

Það virtist vekja Liverpool til lífsins sem var mun sterkari aðilinn síðustu 30. mínúturnar og jafnaði verðskuldað metin korteri fyrir leikslok þegar Joel Matip skallaði í netið af stuttu færi.

Liverpool sótti stíft í leit að sigurmarki á lokamínútum leiksins og mátti hársbreidd muna að Mohamed Salah skoraði sigurmarkið undir lok venjulegs leiktíma en Kyle Walker bjargaði á ótrúlegan máta á línunni.

Þurfti því að grípa til vítaspyrnukeppni þar sem Gini Wijnaldum reyndist skúrkur Liverpool-manna. Claudio Bravo varði vítaspyrnu Hollendingsins og kom það í hlut Gabriel Jesus að tryggja City sigurinn með fimmtu og síðustu spyrnu City á Wembley.

Guardiola var feginn í leikslok.

„Þetta var ótrúlegur úrslitaleikur, og bæði liðin léku mjög vel. Á þessu stigi knattspyrnunnar munar oftast litlu, í dag var það ein vítaspyrna og í vor munaði einu stigi. Þetta er góð áminning fyrir mína leikmenn um að það má ekki margt fara úrskeiðis,“ sagði Guardiola í leikslok.

Pressan er á City í aðdraganda mótsins sem hefst á Anfield á föstudaginn. Erkifjendur City í Manchester-borg, Manchester United, hafa styrkt hópinn vel líkt og Arsenal, Chelsea og Tottenham sem gera atlögu að því að brjóta sér leið inn í toppbaráttuna í vetur eftir einsleita titilbaráttu í fyrra þegar City og Liverpool stungu snemma af.

City hefur verið í sérflokki undanfarin tvö ár og stigasöfnun þeirra í deildarkeppninni einstök en lærisveinar Guardiola reyna nú eitthvað sem engum öðrum en Sir Alex Ferguson hefur tekist frá því að nafninu var breytt í ensku úrvalsdeildina árið 1992, að vinna meistaratitilinn þrjú ár í röð.

kristinnpall@frettabladid.is




**Þetta er fimmti titillinn sem City-menn vinna á Wembley undir stjórn Guardiola.** NORDICPHOTOS/GETTY

» Raheem Sterling tókst í fyrsta sinn að skora gegn gamla félagi sínu, Liverpool, í tíundu tilraun eftir vistaskipti til Manchester City árið 2015.

„Á þessu stigi knattspyrnunnar munar oftast litlu, í dag var það ein vítaspyrna og í vor munaði einu stigi.

Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City

## United tókst að landa Maguire

**UMW** Manchester United gekk loksins í gær frá kaupum á enska landsliðsmiðverðinum Harry Maguire frá Leicester. Maguire hefur verið á óskalista Manchester United í rúmt ár en Leicester tók loksins tilboði United í Maguire um helgina og skrifaði miðvörðurinn undir sex ára samning.

**80**

**milljónir punda kostaði Maguire. Hann er dýrasti varnarmaður sögunnar.**

Manchester United greiðir Leicester 80 milljónir punda fyrir Maguire sem er hæsta upphæð sem greidd hefur verið fyrir varnarmann. Er Maguire næstdýrasti leikmaðurinn í sögu félagsins á eftir Paul Pogba og sá 13. dýrasti í knattspyrnusögunni.

Er þetta í annað sinn sem Manchester United greiðir metfé fyrir varnarmann á síðustu 17 árum eftir að hafa gert miðvörðinn Rio Ferdinand að dýrasta varnarmanni heims árið 2002. **– kpt**

## Guðmundur sigraði á Nesinu

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Guðmundur Ágúst Kristjánsson reyndist hlutskarpastur á hinu árlega styrktarmóti Einvíginu á Nesinu í gær. Er þetta í fyrsta sinn sem Guðmundur Ágúst ber sigur úr býtum á þessu móti sem fór fram í 22. sinn um helgina og voru allir sterkustu kylfingar landsins mættir til að taka þátt. Keppni fór fram með breyttu sniði í ár, ekki var keppt í höggleik heldur farið beint í einvígið (e. shoot-out) svokallaða.

Guðmundur Ágúst sem nýlega komst inn á Áskorendamótaröð Evrópu með góðum árangri á Ecco Nordic Tour hafði betur gegn Birgi Leifi Hafþórssyni á lokaholunni á Seltjarnarnesi og tryggði sér um leið sigur á mótinu.

Um er að ræða árlegt styrktarmót og söfnuðust 750.000 krónur sem renna til Barnaspítala Hringsins. **– kpt**




# Björgvin Karl komst á verðlaunapall

**CROSSFIT** Heimsleikarnir í CrossFit fóru fram um helgina þar sem Björgvin Karl Guðmundsson nældi í bronsverðlaunin í karlaflokki. Með því náði Björgvin Karl að jafna besta árangur sinn á heimsleikunum frá því árið 2015 þegar hann hafnaði einnig í þriðja sæti. Fyrir árangurinn fær Björgvin Karl tæpar tíu milljónir íslenskra króna. Björgvin Karl náði með góðum árangri að skjótast fram úr Scott Panchik í fyrstu þrautum lokadagsins og tryggja sér sæti á verðlaunapalli en náði ekki að gera atlögu að forskoti Mathews Fraser sem vann fjórða árið í röð í karlaflokki.

Í kvennaflokki misstu Sara Sigmundsdóttir, Annie Mist Þórisdóttir og Eik Gylfadóttir af niðurskurðinum og fengu því ekki að taka þátt í lokagreinum mótsins þar sem aðeins tíu sterkustu keppendurnir stóðu eftir.



**Björgvin Karl stóð sig best Íslendinganna á leikunum í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Katrín Tanja Davíðsdóttir náði um tíma að koma sér upp í þriðja sætið með því að sigra í tveimur greinum á lokadeginum en lokaþrautin reyndist Katrínu erfið. Kostaði hún Katrínu verðlaunasæti og þurfti Katrín því að láta fjórða sætið duga í ár.

Þuríður Erla Helgadóttir keppti nú í 5. sinna á heimsleikum og lenti í 10. sæti í kvennaflokki sem er besti árangur hennar frá upphafi. **– kpt**

Fólk
Heilsa
ÞRIÐJUDAGUR 6. ÁGÚST 2019

# Jóga styrkir innsæið og innri leiðsögn

Sigrún Halla Unnarsdóttir kynntist kundalini jóga árið 2011. Hún varð mjög hrifin af fræðunum og lauk námi sem kundalini jógakennari árið 2016. Síðan hefur hún reglulega haldið jóganámskeið og verið með útijóga fyrir aftan blokkina sína í Laugarneshverfi. ➜2



Sigrún segir að heilsufarslegur ávinningur af jóga sé gríðarlegur. Bæði andlegur og líkamlegur. MYND/ANKI GRØTHE





Sigrún segir að jógað sé ekki bara líkamsrækt heldur hafsjór af fróðleik. Jógað er leiðbeiningabæklingur um hvernig á að lifa lífinu.

**Framhald af forsíðu ➜**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Það var vinkona mín sem kom með hugmyndina að útijóganu. Hún fór að tala um það fyrir svona tveimur árum hvað það væri nú gaman að geta bara tölt út í garð og farið í jóga undir berum himni, í staðinn fyrir að vera alltaf að keyra til að fara í jógatíma. Mér fannst þetta frábær hugmynd hjá henni,“ segir Sigrún Halla sem sló til og byrjaði með útijóga síðasta sumar.

„Það var akkúrat verið að taka lítinn blett fyrir aftan blokkina mína í gegn. Það var orðið svolítið huggulegt þarna og tilvalið að kynna svæðið fyrir fólkinu í hverfinu með því að vera með jógatíma þar.“

Sigrún segir að þrátt fyrir leiðinlegt veður síðasta sumar hafi mæting í jógatímana verið góð svo að hún ákvað að halda áfram með þá í sumar. „Reykjavík er með verkefni sem heitir Torg í biðstöðu. Markmiðið með verkefninu er að fá fólk til að nýta dauð svæði, bæði græn svæði og torg, í borginni okkar. Útijógað er hluti af því.“

Að sögn Sigrúnar er tilgangurinn með útijóganu að njóta útiveru en líka að opna aðeins á samfélagsvitundina og kynnast nágrönnunum. „Við erum svo mikið inni í okkar eigin kössum. Í okkar húsi, okkar bíl og vinnu. Útijógað er tilvalið til að hitta nágrannana.“

## Styrkir innsæið

Það sem heillar Sigrúnu við jóga er ekki bara að það styrkir líkamann, lungun og bætir liðleika heldur líka að það styrkir innsæið og innri leiðsögn.

„Við erum öll með það sem hægt er að kalla GPS-tæki innra með okkur. Við styrkjum það þegar við stundum jóga. Við hreinsum undirmeðvitund okkar þegar við hugleiðum, sem við gerum alltaf í lok jógatímans. Við erum að hreinsa aðeins til svo við getum hlustað á innsæi okkar, þetta GPS-tæki sem við erum öll með. Það er svo mikilvægt því annars erum við svolítið stefnulaus, eins og lauf í vindi,“ segir Sigrún.

Með hugleiðslunni er fólk betur í stakk búið til að taka rökstuddar ákvarðanir en bregðast ekki við í gegnum tilfinningarnar og láta þær stjórna sé, að sögn Sigrúnar. „Maður er bara betur kjarnaður og það hjálpar manni líka að forðast neikvæðni. Maður verður jákvæðari, kemst í tilfinningalegt jafnvægi, styrkir taugakerfið og kemur jafnvægi á innkirtlakerfið. Það er ótrúlega mikilvægt að koma jafnvægi á það. Hormónastarfsemin hefur mjög mikið að segja um hugarástand okkar.“

Sigrún segir að slökunin sé líka mjög heillandi. „Það er mjög gott að leyfa líkamanum að vinna sjálfum í vandamálunum og fá tækifæri til að laga það sem þarf að laga þegar við slökum á í jógatímum.“

Flestir hugsa ef til vill bara um líkamsstöður og teygjuæfingar þegar þeir hugsa um jóga. En Sigrún segir að kundalini jóganu fylgi hafsjór af alls konar fróðleik. Til dæmis um barnauppeldi, hjónabandið og mataruppskriftir. „Jógað er rosalega stór heimur. Það er hálfgerður leiðbeiningabæklingur um hvernig á að lifa góðu lífi. Jógað inniheldur tæki og tól til að standast álag samtímans, sem er ótrúlega mikið.“

> **Það var akkúrat verið að taka í gegn lítinn blett fyrir aftan blokkina mína. Það var því tilvalið að kynna svæðið fyrir fólkinu í hverfinu og vera með jógatíma þar.**

## Námskeið fyrir tættar mæður og þreytta pabba

Sigrún hefur haldið jóganámskeið fyrir foreldra sem hún kallar Tættar mæður og þreyttir pabbar. Námskeiðin voru hugsuð fyrir foreldra til að kúpla sig aðeins út úr öllu stressinu sem fylgir nútímasamfélagi og komast í jafnvægi. „Ég var líka alltaf með smá fræðslu í tímunum um hvernig jógafræðin nálgast barnauppeldi. Það er í raun ótrúlega mikið í takt við það sem er nýjasta nýtt í barnauppeldi í dag, þó að jógafræðin séu mörg þúsund ára gömul. Þetta snýst allt um að sýna börnunum okkar virðingu alveg frá fæðingu. Þau eru nefnilega heilsteyptar manneskjur frá því þau koma í heiminn.“

Sigrún tók sér smá hlé frá að halda námskeiðin þar sem hún er sjálf með lítið barn, en hún stefnir á að byrja aftur með námskeið í haust. „Ég ætla að byrja með námskeið sem ég kalla Brunavarnir. Mér finnst maður alltaf vera að lesa um „burn out“ eða kulnun í starfi, svo ég er að setja saman námskeið þar sem ég legg áherslu á streitulosun. Því er ætlað að vera fyrirbyggjandi svo fólk lendi ekki í því að brenna út. Í jóga er svolítið talað um kalt þunglyndi. Það er önnur hlið á „burn out“, þá er fólk alltaf að gera meira og meira en er aldrei sátt. Það upplifir aldrei gleði yfir verkum sínum,“ útskýrir Sigrún.

Á Brunavarnanámskeiðinu ætlar Sigrún að kenna fólki stuttar og laggóðar æfingar sem gott er að grípa í. Einnar mínútu æfingar sem fólk getur gert heima hjá sér. „Ég er mjög spennt fyrir að kynna þessar æfingar fyrir fólki,“ segir Sigrún.

## Balí norðursins

Sigrún lætur þó ekki þar við sitja. Hún stefnir á að fara í jógaferð með þreyttum mæðrum til Póllands á næstunni. „Ég fór einu sinni í svona ferð í samstarfi við ferðaskrifstofuna Tripical. Við fórum á spa-hótel þar sem við stunduðum jóga og gerðum svo lítið annað en að slaka á og kannski lesa bókina sem við fundum aldrei tíma til að lesa áður. Þetta gekk svo vel að mig langar að endurtaka þetta. Það verður líklega ekki fyrr en í febrúar eða mars á næsta ári, en það kemur í ljós á næstu vikum.“

Auk Póllandsferðarinnar stefnir Sigrún á að vera með jógahelgi á Borgarfirði eystri í október. „Þar er lítil ferðaþjónusta með heitum potti og ótrúlega flottri aðstöðu. Ég ætla að vera með jógahelgi þar. Fólk getur komið og stundað jóga, borðað góðan mat, farið í gönguferðir og notið náttúrufegurðarinnar á Borgarfirði, það er ótrúlega fallegt þar. Þetta er svona Balí norðursins. Ég sé alveg fyrir mér að allir fari að fara þangað í jógaferðir,“ segir Sigrún að lokum.

Hægt er að fylgjast með Sigrúnu á Facebook-síðunni Kundalini Yoga með Sigrúnu Höllu.





Ég hef notað **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr. - *Þórunn Kristjónsdóttir*



**www.abelheilsuvorur.is**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 6. ÁGÚST 2019




# Rafmagnsjeppunum fjölgar

Audi e-tron 55 quattro er einn margra rafmagnsjeppa lúxusbílaframleiðendanna sem nú bjóðast. Allir eru þeir fallegir, með um 400 km drægi, ámóta að afli og á svipuðu verði. →6



# Volvo XC100 í bígerð og minni jepplingur en XC40

Árið 2010 seldi Volvo 373.525 bíla en salan nú á fyrri helmingi ársins er þegar komin í 340.826 bíla og því fer að styttast í helmingi meiri sölu en 2010. Það er svo til á pari við það sem forstjóri Volvo sagði árið 2010 þegar hann lét hafa eftir sér að Volvo ætti að geta tvöfaldað söluna á næstu 10 árum. Núverandi forstjóri Volvo, Håkan Samuelsson, ætlar aldeilis ekki að bakka frá þessu markmiði og því þarf Volvo að leita leiða til að auka söluna enn frekar. Eitt af því sem Volvo er að skoða til að auka bílaúrval sitt er enn stærri jeppi en XC90-jeppinn sem selst hefur svo vel undanfarið. Slíkur jeppi myndi þá líklega bera nafnið XC100. Forstjóri Volvo segir einmitt að margir keppinautar Volvo á lúxusbílamarkaði séu að bjóða talsvert stærri jeppa en XC90 og að þeir seldust vel þó dýrir væru.



Stærð XC90-jeppans sem fyrst kom á markað árið 2002 var í raun takmörkuð af Ford, sem þá átti Volvo.

### Minni jepplingur en XC40

Enn fremur sagði Håkan Samuelsson að til greina kæmi að bjóða líka jeppling sem væri minni en XC40. Ekki hafa þó fréttir borist af því að sá bíll sé kominn á teikniborðið, sem má þó líklegt teljast. Stærð XC90-jeppans sem fyrst kom á markað árið 2002 var í raun takmörkuð af Ford, sem þá átti Volvo.

Síðan hefur eignarhaldið breyst og hið kínverska Geely sem nú á Volvo hefur gefið grænt ljós á smíði stærri jeppa. Sá jeppi yrði byggður á sama undirvagni og XC90 en yrði líklega um 15 cm lengri og örlítið hærri. Þessi möguleiki felur í sér sparnað í hönnun og smíði jeppans og því yrði hann samkeppnishæfur í verði.

Heimildir herma að nú þegar sé XC100 kominn á teikniborðið og verði tilbúinn til sölu árið 2022 eða 2023.

## 30.000 pantanir í Porsche Taycan

Forpantanir á fyrsta hreinræktaða rafmagnsbíl Porsche virðast ætla að slá öll met hvað bíla Porsche varðar. Á allra síðustu mánuðum hafa forpantanir í bílinn farið úr 20.000 í yfir 30.000 og heldur áfram að fjölga hratt. Svo mikil er eftirspurnin að hún slær út forpantanir á hinum miklu ódýrari Volkswagen ID.3-rafmagnsbíl, en í hann hafa borist um 22.000 forpantanir og þykir það reyndar gott. Til stendur að sýna endanlega útfærslu Porsche Taycan þann 4. september, eða eftir minna en mánuð.

Porsche Taycan mun bæði fást með 80 og 96 kWh rafhlöðum. Kaupendur geta valið á milli 322, 376, 429 og 600 hestafla útgáfna bílsins. Öflugasta útgáfan fær nafnið Taycan Turbo og mun kosta ríflega 18 milljónir í Evrópu en ódýrasta gerðin verður væntanlega á ríflega 10 milljónir króna. Með stærri gerðina af rafhlöðum verður drægið 515 km samkvæmt WLTP-staðli, hröðunin 3,2 sek. í 100 og 10 sek. í 200 og hámarkshraðinn 261 km/klst. Taycan bíllinn verður með loftpúðafjöðrun, en er ansi þungur á vigtinni með sínar stóru rafhlöður, eða 2,1 tonn.


Mikill spenningur er fyrir tilkomu fyrsta rafmagnsbíls Porsche, Taycan.


Benz setti mikið fjármagn til hliðar á síðasta ársfjórðungi vegna kærumála.

## Fyrsta tap Daimler í áratug

Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes Benz, tilkynnti nýverið um tap á rekstri annars ársfjórðungs upp á um 155 milljarða króna. Helgast þetta tap aðallega af því að Daimler lagði til hliðar um 500 milljarða króna til að mæta dísilsvindlssektum og afturköllunum á bílum, aðallega vegna bilaðra öryggispúða. Ef Daimler hefði ekki lagt allt þetta fé til hliðar hefði orðið ágætur hagnaður af rekstri á fjórðungnum.

Daimler hefur ekki tilkynnt um taprekstur á einum ársfjórðungi síðan árið 2009, eða í um áratug. Nýr forstjóri Daimler, Ola Kallenius, sem tók við af Dieter Zetsche þann 22. maí, byrjar því ekki í forstjórahlutverkinu með allra skemmtilegasta hætti.

Yfir Daimler vofir kæra frá hendi bandarískra yfirvalda vegna dísilvélasvindls sem gæti orðið fyrirtækinu dýrt og fyrir dyrum eru einnig miklar innkallanir á Mercedes-Benz bílum vegna gallaðra Takata-öryggispúða. Þessi yfirvofandi kostnaður er eitthvað sem fleiri bílaframleiðendur hafa þurft að taka á sig á undanförnum misserum og Daimler vill hafa vaðið fyrir neðan sig og leggur því mikið fé til hliðar nú til að mæta þessum kostnaði.

### Betra gengi á seinni helmingi ársins

Mikill kostnaður fellur líka til hjá Mercedes-Benz, líkt og hjá öðrum bílaframleiðendum í þróun rafmagnsbíla, sjálfkeyrandi bíla, sem og vegna vanda sem fylgir minnkandi sölu bíla á stærsta bílamarkaði heims í Kína. Daimler býst þó við batnandi gengi á seinni hluta ársins og almennt er búist við meiri bílasölu þá en á þeim fyrri, þó svo að Brexit setji vafalaust örlítið strik í reikninginn í bílasölu í Bretlandi.

Nýr forstjóri Daimler lét hafa eftir sér að fyrirtækið myndi leita leiða til kostnaðarlækkunar á árinu en það þýddi þó ekki uppsagnir starfsfólks.


Frá einni af fjölmörgum litíumnámum heimsins, en þeim hefur fjölgað mjög á síðustu árum.

# Enginn skortur á hráefninu litíum

Lengi hefur verið talað um skort á hráefninu litíum til rafhlöðuframleiðslu í bíla, en nú er svo komið að um offramboð er að ræða og verð á litíum hefur lækkað.

Rafmagnsbílaframleiðendur hafa um nokkurt skeið haft áhyggjur af of litlu framboði á litíum sem notað er í flestar gerðir rafhlaðna í rafmagnsbíla. Frá miðju ári 2015 og til sama tíma 2018 þrefaldaðist verð á litíum á heimsmarkaði og það hitti bílaframleiðendur illa fyrir. En síðan þá hefur verð á litíum lækkað um 30%. Ástæða þessarar verðlækkunar er að fleiri litíumnámur hafa fundist og verið teknar í notkun og ekki síst gefa 6 nýjar námur í Ástralíu vel af sér. Því ættu áhyggjur rafbílaframleiðenda að minnka og ekki lengur ástæða til að ætla að litíumskortur verði hamlandi þáttur í framleiðslu þeirra á næstunni.

Það hefur enn fremur hjálpað til við lækkun verðs á litíum að eftirspurn eftir því í Kína hefur minnkað með minni vexti í framleiðslu á rafmagnsbílum þar. Staðan nú er í raun orðin þannig að hætt er við gjaldþroti sumra þeirra sem vinna litíum en þeir sem búa að allra hagkvæmustu námunum ættu þó að lifa af. Framleiðsluaukningin í Ástralíu mun vaxa um 23% á næstu tveimur árum, en stefnan þar í landi er að fjórfalda framleiðsluna á næstu 4 árum.

### Búist við áframhaldandi lækkun verðs

Flöskuhálsinn liggur því nú fremur í úrvinnsluverksmiðjum litíums en í námunum sjálfum og það er alls enginn hráefnisskortur til staðar og jafnvel þarf að hægja á vinnslu litíums til að úrvinnsluverksmiðjurnar hafi undan hráefnisvinnslunni. Að minnsta kosti er verðið á þessum léttasta málmi allra málma ennþá að lækka og það teljast góðar fréttir fyrir rafbílaframleiðendur og kaupendur rafmagnsbíla.

Eftirspurn eftir rafmagnsbílum og framleiðsla þeirra mun þó aukast hröðum skrefum á næstu árum og virði litíumhráefnisvinnslu er metin á 20 milljarða dollara árið 2025, virði unnins litíums 43 milljarðar og virði tilbúinna litíumrafhlaðna 424 milljarðar dala, svo þarna er um gríðarlega stóran og verðmætan markað að ræða og gott að vita af nægu hráefni til vinnslunnar.

Fram til ársins 2030 er búist við 10 sinnum meiri eftirspurn eftir litíumrafhlöðum en nú og er þá miðað við að 70% bílaframleiðslu í heiminum verði rafmagnsbílar. Frá deginum í dag og til ársins 2025 er búist við að verðið á litíum muni lækka um 20-30%. Fínar fréttir það.

VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION AWD

# OKKAR SÝN Á LÚXUS NÚ Á SUMARTILBOÐI

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspegla sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

Sjö sæta • Leðurinnrétting • Vélarhitari með tímastilli
Rafdrifin opnun á afturhlera • Nálægðarskynjari að framan og aftan

390 hestöfl, bensín/rafmagn og sjálfskiptur

Fullt verð með aukabúnaði* 12.897.000 KR.

**SUMARTILBOÐ 11.950.000 KR.**

**TAKMARKAÐ MAGN**

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU



*Aukabúnaður í tilboðsbílunum umfram ríkulegan staðalbúnað: Málmlitur, Panorama glerþak og sóllúga, 360° myndavél, varadekk og Edition aukahlutapakki sem innifelur leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, dökkar rúður í farþegarými, Carplay Smartphone Apple og Android, lyklalaust aðgengi, BLIS myndavél á hliðarumferð, þjófavörn með hreyfiskynjurum og LED aðalljós m/beygjustýringu + stillanleg háu ljósin og dimming á baksýnis- og útispeglum.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Fækkun bílgerða frá BMW

BMW hyggst taka til í framboði bílgerða sinna og hætta sölu bíla sem seljast hægt. Sumt kemur þar á óvart, en annað ekki.

Ónefndir heimildarmenn innan raða BMW hafa látið hafa eftir sér að fækkun bílgerða sé yfirvofandi hjá fyrirtækinu. Yrði það gert til að spara kostnað í framleiðslu. Þær bílgerðir sem eru í mestri hættu á að verða fyrir niðurskurðarhnífnum eru þær sem hægast seljast, svo sem blæjugerðin af 2-Series bílnum, 7-Series limósínan með hefðbundnu hjólhafi (ekki long-version), X2 jepplingurinn, coupe og convertible gerðirnar af 8-Series og hinn nýi BMW Z4. Það vekur reyndar mikla athygli að bíll sem kom út í fyrra skuli strax vera kominn á niðurskurðarlistann. Það vekur einnig furðu að X2 skuli vera á þessum



BMW 7-Series með hefðbundnu hjólhafi er ein bílgerðanna sem gætu horfið.

lista, en hann fellur í flokk bíla sem eru mjög söluhátt í heiminum um þessar mundir, þ.e. smáir jepplingar.

Það vekur minni furðu að sjá blæjugerðir bíla vera á útleið en sú þróun hefur verið í gangi í nokkurn tíma og sannast sagna eru þeir fáir eftir. Þó svo að 8-Series limósínan sé í hættu á það ekki við X8-jeppann sem nú er í þróun og það meðal annars í tengiltvinnútgáfu og sem X8 M sportkerra. BMW hefur þegar gefið upp að smíði tveggja dyra 1-Series bílsins verði hætt, sem og 2-Series Active Tourer fjölskyldubílsins, sem ef til vill er sá bíll sem lengst er frá þekktri hugmyndafræði BMW um sportlega akstursbíla.




Mercedes Benz-bíll á pöllunum í Kína.

# Kínverska BAIC á nú 5% í Daimler

Eignarhald kínverskra bílaframleiðenda í Daimler er nú komið í 15%, en Geely hafði áður eignast 10% hlut.

Kínverski bílaframleiðandinn BAIC hefur keypt 5% hlut í Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes-Benz og fylgir þannig í kjölfarið á öðrum kínverskum bílaframleiðanda, Geely sem á 10% hlut í Daimler. BAIC hefur lengi verið samstarfsfyrirtæki Daimler í Kína og bílar Mercedes-Benz fyrir Kínamarkað hafa verið smíðaðir í Kína í verksmiðjum BAIC. Saman eiga BAIC og Daimler Beijing Benz Automotive og BAIC vill með þessari fjárfestingu bindast Mercedes-Benz enn fastari böndum.

Hlutabréfaverð í Daimler hækkaði um 2,5% við fréttirnar af kaupum Baic á 5% hlutnum og að sama skapi hækkuðu bréfin í BAIC Motor Corp um 3%. Hvort að hlutabréfakaup BAIC í Daimler séu ekki að skapi Geely er ekki ljóst, en að minnsta kosti má segja að merkilegt sé að 15% hlutur í Daimler er nú kominn í kínverskar hendur.

Af samstarfi Mercedes-Benz og Geely er það helst að frétta að Benz ætlar að smíða Smart-bíla sína í verksmiðjum Geely í Kína.

# Bílaframleiðsla í Bretlandi féll um 20%

Mikilvægasta útflutningsgrein Breta á undir högg að sækja og Brexit án samnings getur skaðað enn meira.

Framleiðsla bíla í Bretlandi, sem hefur verið í miklum blóma á undanförnum árum, er nú mjög á undanhaldi og féll um heil 20% á fyrri helmingi þessa árs borið saman við sama tíma í fyrra. Júní var þrettándi mánuðurinn í röð sem bílaframleiðsla minnkar í Bretlandi. Bílaframleiðendur flýja nú Bretland í röðum vegna óvissunnar sem fyrirhuguð útganga Breta úr Evrópusambandinu skapar. Búast má við enn frekari samdrætti í bílaframleiðslu vegna frekari niðurskurðaráætlana ýmissa bílaframleiðenda. Honda ætlar til dæmis að loka verksmiðju sinni í Swindon árið 2021 og Nissan hefur ákveðið að flytja framleiðslu X-Trail-jeppa síns frá Sunderland til annars lands. Heildarframleiðsla í Bretlandi á fyrstu 6 mánuðum ársins var 666.521 bílar en var 834.573 í fyrra. Búist er við því að framleiðslan í ár verði um 15% minni en í fyrra og nái 1,37 milljónum bíla. Það hefur reyndar ekki lagað stöðuna að bílasala í Bretlandi í ár hefur fallið um 16,4%, en um 80% bílaframleiðslu Bretlands eru flutt út til 160 landa.



Frá verksmiðju Jaguar í Bretlandi.

**» Heildarframleiðsla í Bretlandi á fyrstu sex mánuðum ársins var 666.521 bílar en var 834.573 í fyrra.**

### Mikilvægasta útflutningsgrein Breta

Auto Analysis spáir því að ef Bretland gangi úr Evrópusambandinu án samnings muni bílaframleiðsla minnka enn frekar um 30% og þar af leiðandi flytjast til annarra landa. Þá yrði bílaframleiðsla þar í landi komin í svipaða tölu og árið 1980. Fjárfesting í bílaframleiðslu nú er aðeins fjórðungur þess sem hún var á sama tíma í fyrra og aðeins sjöundi hluti þess sem hún var árið 2017. Bílaframleiðsla skilar bresku þjóðarbúi nú um 2.800 milljörðum króna á ári og er mjög mikilvæg fyrir efnahag landsins og við hana starfa 168.000 manns. Því yrði það mikið högg ef framleiðslan dragist þetta mikið saman. Bílaútflutningur frá Bretlandi er verðmætasta útflutningsgrein landsins og virði hans er um 14% af heildarútflutningsverðmætinu. Það gæti breyst með þessu framhaldi.

# 2.000 rafmagnsleigubílar á götum Lundúna

London Electric Vehicle Company (LEVC) hefur nú þegar framleitt 2.500 leigubíla með rafmagnsdrifrás og fagnaði þeim áfanga í síðustu viku. Einir 2.000 þeirra eru á götum Lundúnaborgar, en hinir eru í þjónustu leigubílafyrirtækja í Coventry, Manchester, Edinborg og í borgum nokkurra annarra landa, t.d. í Noregi, Hollandi, Svíþjóð, Malasíu, Þýskalandi og Hong Kong. LEVC segir að nú þegar hafi þessir bílar komið í veg fyrir losun 6.800 tonna af koltvísýringi út í andrúmsloftið.

Verksmiðja LEVC, sem er í eigu kínverska bílaframleiðandans Geely frá árinu 2013, hefur framleiðslugetu upp á 36.000 bíla á ári og þar vinna nú um 1.000 manns.




Rafmagnsleigubílar London Electric Vehicle Company eru nú að leysa af hólmi mengandi dísilháka.

**» LEVC segir að nú þegar hafi þessir bílar komið í veg fyrir losun 6.800 tonna af $CO_2$ út í andrúmsloftið.**

Verksmiðja LEVC er í Coventry. Forsvarsmenn LEVC segja að bæði ökumenn og farþegar nýju rafmagnsleigubílanna séu hæstánægðir með þá, ekki síst allt plássið sem í þeim er, sem og þá tækni og hleðslumöguleika sem inni í þeim er að finna. LEVC vinnur nú að þróun nýrri og betri gerðar rafmagnsleigubíls, en einnig sendibíls með 130 km drægi á rafmagni.


SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI VITARA
FYRIR SUMAR, VETUR, VOR OG HAUST
FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR
VITARA
VERÐ FRÁ KR.
4.250.000
Suzuki Vitara er búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður.
Með útlitsbreytingar sem gera hann enn glæsilegri.
Komdu og kynntu þér breyttan og betri Suzuki Vitara.
ALLGRIP
4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!
Það er alltaf Suzuki veður!
FLUTT MEÐ EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

**AUDI E-TRON 55 QUATTRO**

- RAFMÓTORAR
- 402 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** Eingöngu rafmagn
**Mengun:** 0 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 6,6 sek. í 100 km hraða.
**Hámarkshraði:** 200 km/klst.
**Verð frá:** 9.790.000 kr.
**Umboð:** Hekla

Kostir:
- Útlit
- Aksturseiginleikar
- Búnaður
- Afl
- Drægi

Gallar:
- Vegur mikið
- Skjáir í stað hliðarspegla neðarlega

# Langdræg og hljóðlát fegurð

Með þessum nýja rafmagnsjeppa Audi sannast að rafmagnsbílar geta verið eini bíll heimilisins. Audi e-tron 55 er í senn fallegur, aksturshæfur, langdrægur og umfram allt hagkvæmur kostur.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Þeir hreinlega streyma á markað rafmagnsjepparnir frá lúxusbílaframleiðendunum og svo virðist sem þeir hafi veðjað frekar á slíka bílgerð en litla rafmagnsfólksbíla í ljósi vinsælda jeppa um þessar mundir. Einn þeirra er þessi Audi e-tron 55, en hérlendis bjóðast einnig Jaguar I-Pace og Mercedes-Benz EQC, en allir eru þessir bílar ámóta að stærð og kosta svipað, eða rétt um 10 milljónir króna. Þeir eru líka með ámóta drægi, eða um eða yfir 400 km.

Það er ekki fjarri vegalengdinni milli Reykjavíkur og Akureyrar, sem mælist nákvæmlega 386 km. Því var ekki úr vegi að reyna á það hvort þessi Audi e-tron 55 bíll kæmist þangað á einni hleðslu. Bíllinn hafði verið fullhlaðinn í öflugri hleðslustöð Heklu á Laugavegi og spenningurinn mikill að finna út hvort þessi laglegi bíll hefði drægið til að komast til Akureyrar án aukahleðslu.

## Kemst hann til Akureyrar?

Í upphafi stóð reyndar á mælunum að bíllinn hefði aðeins hleðslu til 328 km aksturs, en það helgaðist af því hvernig honum hafði verið ekið rétt áður en hann var hlaðinn að nýju og þá í fríska innanbæjarakstri. Því mátti búast við að talan á mælinum teldi hægar niður en kílómetrarnir sem lagðir yrðu að baki. Sú var staðreyndin í fyrstu en sterk norðanáttin sem stóð yfirleitt beint framan á bílinn gerði það að verkum að aksturinn varð ekki eins hagkvæmur og vonir stóðu til. Í sem stystu máli þá varð fljótt ljóst að tæpt yrði að bíllinn næði alla leið á hleðslunni og á Blönduósi var einsýnt að hann þyrfti örlitla aukahleðslu svo ökumaður yrði í rónni lokasprettinn.

Lagt var að stað þaðan með hleðslu upp á um 200 km akstur. Það reyndist yfrin hleðsla og þegar komið var í mark var ennþá 65 km hleðsla á bílnum og því hafði hann eytt nákvæmlega þeirri hleðslu sem vegalengdin milli Blönduóss og Akureyrar sagði til um, enda mótvindurinn enginn á þeirri leið. Því hafði bíllinn verið hlaðinn samtals um 465 km og hann átti 65 km eftir að lokum. Því munaði ansi litlu að með 400 km hleðslu hefði hann komist þessa 386 km leið. Við betri aðstæður, þ.e. ekki allan þennan mótvind, má því búast við því að hann kæmist þessa leið á einni hleðslu. Hræðsla þeirra sem aka rafmagnsbílum á lengri leiðum leyfir þó seint að taka neina sénsa, því ekki er gaman að vera á rafmagnslausum bíl á þjóðveginum og ekki hægt að bera rafmagnið í brúsum til að tappa á.




Audi e-tron 55 er fríður á velli og slær við Audi Q7 jeppanum að mati greinarritara.





Allt fullt af skjáum í bílnum og sá sem mest kemur á óvart leysir af hliðarspeglana, en í stað þeirra er myndavél.

## Silkimjúkur akstur og lúxus

Aksturinn norður var þó ein samfelld akstursánægja, enda bíllinn frábær í akstri og fer einkar vel með mann. Þetta er sannkallaður lúxusbíll sem reyndar mátti búast við af Audi-bíl. Það fór reyndar lítið fyrir því að allra skemmtilegustu eiginleika þessa bíls, sem og svo margra rafmagnsbíla, yrði notið að fullu norður, þ.e. að gefa honum hressilega inn. Bíllinn er nefnilega gríðaröflugur og ómæld skemmtun að leyfa öflugum rafmagnsmótorum hans að hafa fyrir hlutunum. Það var bara reynt þess betur á heimleiðinni, enda þá ekki verið að spara rafmagnið og aksturinn allt annars eðlis.

Eitt í þessu samhengi er þó ekki hægt að komast hjá að nefna en það eru hleðslustöðvar ON á landsbyggðinni. Á Akureyri eru aðeins 2 slíkar stöðvar og sú fyrri sem heimsótt var til að fullhlaða bílinn aftur reyndist biluð og engin leið að fá hleðslu á henni. Í samtali við starfsmann ON nefndi hann í áhyggjukasti mínu að það sama gæti gilt um hina stöðina. Þær áhyggjur hurfu reyndar á þeirri seinni og bíllinn fullhlóð sig í 50 kW stöð á 1 klukkutíma og 36 mínútum. Þegar bæta átti svo á bílinn í annarri hleðslustöð í Staðarskála á heimleið var sem betur fer enginn á stöðinni en örskömmu eftir að ég hafði stungið í samband kom ökumaður á Teslabíl og ætlaði að hlaða líka með einni af þeim 3 hleðslusnúrum sem á hlöðunni eru, en þá reyndist hann ekki fá neina hleðslu þar sem ég tók allt rafmagnið. Þetta þarf að laga og fjölga stöðvunum á þessum lykilstöðum svo ótti eigenda langdrægra rafmagnsbíla hverfi á langferðum.

## Fyrir augað að utan og innan

Audi e-tron 55 er með gríðarstórar 95 kWh rafhlöður og rafmótorarnir eru samtals 402 hestöfl. Mikil þyngd er í rafhlöðunum, eða 700 kg en það hefur ekki bara ókosti því þar sem þau eru neðst í bílnum er þyngdarpunkturinn neðarlega og fyrir því finnst í akstri. Bíllinn steinliggur á vegi og frábær skemmtun er að henda honum fyrir beygju eða taka hringtorgin á mögnuðum hraða. Loftpúðafjöðrun bílsins bætir svo enn um betur, hliðarhallinn í beygjum er svo til enginn og fyrir vikið er hér kominn svo góður akstursbíll að undrum sætir. Útlit bílsins er svo eitthvað sem eykur enn á gleðina hjá eigendum hans. Af þeim þremur rafmagnsjeppum sem hér að ofan voru nefndir toppar þessi skalann að mati greinarritara, þótt þeir séu reyndar allir fyrir augað.

Að innan er þessi Audi e-tron 55 líka þeirra flottastur, enda Audi-innréttingar frægar fyrir vandað og töff útlit. Hliðarspeglarnir eru svo sér kapítuli, en þeir eru einfaldlega ekki til staðar því í stað þeirra er komin myndavél og ökumaður horfir á skjá fremst á hurðinni sem er svo skýr að hliðstæðu þess er vart að finna. Loftpúðafjöðrunin leyfir hækkun bílsins um eina 8 cm ef komið er að ófærð. Gott að vita af því þó slíkt hafi ekki verið reynt í þessum reynsluakstri, en ætli rafmagnsjeppar verði ekki seint fyrsta val til hálendisaksturs. Þeir eru þó orðnir valkostir sem eini bíll heimilisins með drægi á við hann þennan og ekki dýrari en aðrir jeppar. Rétt er að taka fram að rafmagnskostnaðurinn á þessari norðurferð og til baka fór ekki mikið yfir 2.000 kr.




JEPPADEKK
Mikið úrval af **M/T** dekkjum fyrir 16, 17, 18 og 20" felgur
Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is

# Fasteignablaðið

31. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 6. ÁGÚST 2019

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala

á traustum grunni



Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA



Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2016

*Fagleg þjónusta*
*Vönduð vinnubrögð*






**Ingólfur Geir Gissurarson** Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari **896 5222**

**Heiðar Friðjónsson** Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc **693 3356**

**Snorri Snorrason** Löggiltur Fasteignasali **895 2115**

**Úlfar F. Jóhannsson** hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð. **692 6906**






**Margrét Sigurgeirsdóttir** Skrifstofustjóri margret@valholl.is **588 4477**

**Pétur SteinarJóhannsson** Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi **893 4718**

**Anna F. Gunnarsdóttir** Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stílisti **892 8778**

**Sturla Pétursson** Löggiltur Fasteignasali. **899 9083**

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

Síðumúla 27
Sími 588 4477
www.valholl.is

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*


# Virðulegt hús í Kópavogi

Fasteignamarkaðurinn ehf. s: 570-4500 kynnir frábærlega staðsett og afar fallegt 358,5 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum við Kópavogsbraut í Kópavogi með innbyggðum 24,6 fermetra bílskúr og 2 herbergja aukaíbúð, með sérinngangi.

Afar glæsilegt útsýni er af efri hæð hússins út á sundin, yfir Garðabæ, fjallgarðinn í suðri og víðar. Lóðin er stór og öll hin glæsilegasta. Steypt plan með snjóbræðslu liggur frá lóðarmörkum og upp að bílskúr.

Á aðalhæð er rúmgóð forstofa. Þaðan er gengið inn í hol þar sem er teppalagður stigi upp á efri hæð. Lítil geymsla undir stiga og gestasnyrting með glugga við hliðina.

Eldhús með upprunalegri eldhúsinnréttingu og korkflísum á gólfi. Miele bakaraofn og keramik helluborð. Góður borðkrókur, flísar á milli skápa, tengi fyrir uppþvottavél og gluggi til norðurs.

Borðstofa og stofa eru teppalögð, stórir gluggar sem snúa til suðurs. Á neðri hæð eru tvö herbergi.



**Stórt einbýlishús í Kópavogi með stórum og fallegum garði.**

Á efri hæð eru fjögur svefnherbergi. Þar af hjónaherbergi með útgengi á svalir. Rúmgott þvottaherbergi með miklu skápaplássi og góðu vinnurými. Baðherbergi er flísalagt og rúmgott. Innrétting, upphengt salerni, sturta.

**Halldór Jónsson**
**Ómar Jónsson** **Guðrún B. Magnúsdóttir**
**J. Helena Jónsdóttir** **Guðmundur Símonarson**
**Björgvin S. Jónsson** **Rakel Þórisdóttir**
**Þóra Guðrún Karlsdóttir** **Páll Júlíus Gunnarsson**
**Örvar Karlsson** **Aðalheiður Rut Önundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Jóhann Sigurðsson**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
þann 26. júlí sl.
Útför hans fer fram frá Akraneskirkju
miðvikudaginn 7. ágúst kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja
minnast hans er bent á að styrkja heimahjúkrun HVE á
Akranesi, rkn. 0186-05-100006, kt. 040888-2419. Verndari
reiknings er Þórhildur Orradóttir.

**Sigurrós Ingimarsdóttir**
**Þórhildur, Guðný Sigurrós og Sigurður Kai**
**Sigurður Björgvinsson og Jenný Jóhannsdóttir**
**og fjölskylda.**



Okkar ástkæra

**Margrét Friðriksdóttir**
áður Eyrarvegi 14,
Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu
Ljósheimum, Selfossi, 23. júlí sl.
Hún verður jarðsungin frá
Selfosskirkju miðvikudaginn 7. ágúst kl. 14.00.

**Sesselja Sólveig Bjarnadóttir** **Jón Sveinbergsson**
**Sigurður Bjarnason** **Sigríður Sveinsdóttir**
**Harpa Bjarnadóttir** **Valur Helgason**
**Friðrik Bjarnason** **Guðrún Helga Ívarsdóttir**
**Kristín Hanna Bjarnadóttir**
**og fjölskyldur.**

# Hemlaklossar og diskar á góðu verði




Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 °C | 1 |
| Ísafjörður | 7 °C | 7 |
| Akureyri | 10 °C | 1 |
| Egilsstaðir | 8 °C | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 10 °C | 3 |
| Hveravellir | 11 °C | 8 |

Norðaustlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, en 8-13 norðvestanlands. Skýjað eða skýjað með köflum og víða lítils-háttar skúrir, en þurrt að kalla norðvestan til. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast um landið suðvestanvert.

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 °C | 2 |
| Ísafjörður | 6 °C | 6 |
| Akureyri | 7 °C | 5 |
| Egilsstaðir | 8 °C | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 12 °C | 2 |
| Hveravellir | 8 °C | 6 |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 °C | 4 |
| Ísafjörður | 5 °C | 5 |
| Akureyri | 6 °C | 3 |
| Egilsstaðir | 6 °C | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 13 °C | 0 |
| Hveravellir | 3 °C | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | 7 | | 3 | 8 |
| | | | | 2 | | | | |
| 8 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| 5 | | | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | |
| 2 | | 1 | | 8 | | | | 7 |
| | | 5 | 2 | | 4 | 3 | | 9 |
| 1 | 2 | | 6 | | | 4 | 8 | 5 |
| | | | | | | 1 | 2 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 3 | | | 8 | 9 | |
| | 3 | | | 7 | | | | 2 |
| | 4 | 9 | 8 | | | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 8 | | 3 | | 6 | | | | |
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | 6 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 7 | | 5 |
| 9 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | 1 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | | | | |
| | 9 | 5 | | | | | 6 | 3 |
| 4 | 6 | | | | | | | |
| | | | | 4 | 8 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 ríki í S-Asíu
5 sælindýr
6 frá
8 grey
10 tveir eins
11 spana
12 áreynsla
13 trjátegund
15 kunngerðu
17 fallegur

**LÓÐRÉTT**
1 saumreka
2 ágætur
3 tvennd
4 óskorðaða
7 bíræfinn
9 fundarsókn
12 óska
14 mixtúra
16 í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 nepal, 5 aða, 6 af, 8 garmur, 10 ll, 11 æsa, 12 átak, 13 elri, 15 kynntu, 17 fagur.
**LÓÐRÉTT:** 1 naglrek, 2 eðal, 3 par, 4 lausa, 7 frakkur, 9 mæting, 12 árna, 14 lyf, 16 tu.

## Skák Gunnar Björnsson

Stephan Briem (2.223) átti leik gegn Frederik Svane (2.383) á EM ungmenna í Bratislava í Sló-vakíu í gær.

**Hvítur á leik**



**32. Rf6+! 1-0.** Fjórtán íslenskir fulltrúar taka þátt. Vignir Vatnar Stefánsson, sem teflir í flokki 16 ára og yngri hefur byrjað best og hefur 3½ vinning eftir fjórar umferðir. Stephan, sem teflir í sama flokki, hefur 3 vinninga. Í gær hófst alþjóðlegt mót í Riga þar sem Helgi Áss Grétarsson og Guðmundur Kjartansson keppa.

**www.skak.is:** EM ungmenna.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALAN ER HAFIN!

ALLT AÐ

# 50% AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

## Hvar er Bobby Fischer?

**GEISLADISKUR**

**Bobby**
★★★☆☆

**Mikael Máni Trio**
**Útgefandi:** Smekkleysa

Bobby Fischer var ekki bara snillingur á skáksviðinu. Hann bjó líka yfir tónlistarhæfileikum. Þegar hann var táningur og var að keppa á skákmóti í Bled í Slóveníu ætluðu félagar hans að gera góðlátlegt grín að honum. Þeir fengu hann til að fara upp á svið í næturklúbbi og syngja. Þannig vonuðust þeir til að hann myndi sýna á sér mannlegri hliðar og gera sig að fífli. Öllum að óvörum söng Bobby nokkur rokklög ótrúlega vel, hafði flotta rödd, söng með tilþrifum og hafði mikla sviðsnærveru.




Fischer er ódauðlegur og nú hefur enn einn minnisvarðinn um hann verið reistur, að þessu sinni geisladiskurinn Bobby. Þetta er ekki heimildarmynd heldur tíu djasslög eftir Mikael Mána Ásmundsson. Lögin eru flutt af tríói sem kennt er við tónskáldið, og það samanstendur af Mikael sem spilar á gítar, Skúla Sverrissyni á bassa og Magnúsi Trygvason Eliassen á slagverk.

**Fischer var hrollvekjandi**

Tengingin við Fischer er dálítið óljós, satt best að segja. Tónskáld grípa stundum til þess ráðs að tengja tónlist sína við eitthvað sérstakt, oft trúarlegt efni, til að fela skort á innblæstri og til að vekja meiri athygli á tónlistinni. Hér er innblásturinn vissulega til staðar, tónlistin er þægileg áheyrnar og hún rennur áreynslulaust áfram, en saga Fischers er mikilu dramatískari en ætla mætti af tónlistinni.

Skákin sjálf er bardagi og Fischer var hermaður á sinn hátt, auk þess sem hann hagaði sér eins og versta rokkdíva. Líf hans einkenndist af átökum og öfgum og var sorgarsaga þegar upp er staðið. Tónlistin hér er hins vegar yfirleitt ljúf og notaleg. Alltaf er unnið ágætlega úr grípandi laglínunum, flæðið í lögunum er sannfærandi. Lögin hafa líka hvert sinn karakter, sum eru tilraunakennd, jafnvel annarleg, en þau hefðu mátt vera mun djarfari og áleitnari. Heildarmyndin er einfaldlega ekki nógu sterk miðað við viðfangsefnið.

Kannski er helsti gallinn við diskinn sá að lögin eru OF þægileg. Ég þekki mann sem hlotnaðist sá heiður að bjóða Fischer í mat. Hann sagði að það hefði verið undarleg upplifun. Fischer var ekki leiðinlegur, þvert á móti, en hann hafði samt hrollvekjandi nærveru, það var beinlínis óþægilegt að sitja fyrir framan hann. Af lögunum að dæma mætti hins vegar ætla að Fischer hefði verið hinn viðkunnanlegasti náungi, pínku sérvitur, en ekkert meira en það. Froðufellandi gyðingahatarinn, heimsmeistari sem hætti á toppnum, og sem var varpað í fangelsi eftir að hafa farið huldu höfði í sértrúarsöfnuði – hann er hér víðs fjarri.

**Glæsilegur hljóðfæraleikur**

Burtséð frá þessu er hljóðfæraleikurinn sjálfur prýðilegur. Gítarleikur Mikaels er flottur og fagmannlegur, tæknilega öruggur og skýr. Sömu sögu er að segja um smekkvísan bassaleik Skúla og hófstilltan slagverksleik Magnúsar, hann er hvorki of né van. Heildarmynd hljóðfæraleiksins er í prýðilegu jafnvægi; þetta er skemmtilegur hópur.

Geisladiskur Mikaels er hans fyrsti og er ljóst að hann býr yfir ríkulegum tónlistarhæfileikum. Diskurinn er vel unninn og er því greinilega mikils af listamanninum að vænta í framtíðinni. Hann þarf bara að kafa meira undir yfirborð þess sem hann hyggst semja tónlist um. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Fín músík í sjálfu sér, en tengingin við Bobby Fischer er ósannfærandi.

**Hvað?**
**Hvenær?**
**Hvar?**
Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

**6. ÁGÚST 2019**

**Viðburðir**

**Hvað?** Tangó
**Hvenær?** 20.30-22.30
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3
Argentínskur tangó. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en frítt er fyrir 30 ára og yngri.

**Hvað?** Ife Tolentino og vinir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu
Hljómsveit brasilíska söngvarans, tónskáldsins og gítarleikarans Ife Tolentino skemmtir.

**Hvað?** Tónlist á stríðstímum
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnesi
Kammertónlist eftir Claude Debussy, Francis Poulenc og Dmitri Shostakovich. Ísak Ríkharðsson fiðla, Martina Zimmerli selló, Þóra Kristín Gunnarsdóttir píanó og Finnur Ágúst Ingimundarson texti.


**Hljómsveit brasilíska söngvarans Ife Tolentino verður á Kex í kvöld.**



**Það er alltaf eitthvað um nýjungar, segir Kristín Mjöll.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tónlistarsköpun í alþjóðlegu umhverfi

**Alþjóðlega tónlistarakademían er haldin í Hörpu. Íslenskir tónlistarnemar vinna með erlendum nemum. Frábærir tónlistarmenn verða meðal þátttakenda. Dagskráin er öllum opin.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is


Alþjóðlega tónlistarakademían í Hörpu er nú haldin í sjöunda sinn og stendur til 15. ágúst. Um sjötíu hljóðfæranemar frá sjö löndum fá þar þjálfun hjá framúrskarandi listamönnum. Hátíðin er í samstarfi við ýmsa erlenda aðila, þar á meðal hið amerísk-danska New Music for Strings og Atlanta Festival Academy sem stofnuð var 2019 að fyrirmynd akademíunnar í Hörpu. Kristín Mjöll Jakobsdóttir og Pétur Oddbergur Heimisson eru kynningarstjórar hátíðarinnar.

„Þarna fá tónlistarnemar á Íslandi tækifæri til að vinna með erlendum nemum, spila með þeim og skapa tónlist í alþjóðlegu umhverfi. Það er alltaf mikil upplifun að heyra þetta unga fólk spreyta sig á glæsilegum verkum. Kennarar koma að utan til að kenna og spila á tónleikum. Það er alltaf eitthvað um nýjungar og nú erum við í fyrsta skipti að prófa okkur áfram með kammerblásaranámskeið,“ segir Kristín sem hefur verið einn af skipuleggjendum hátíðarinnar allt frá byrjun.

**ÞAÐ ER ALLTAF MIKIL UPPLIFUN AÐ HEYRA ÞETTA UNGA FÓLK SPREYTA SIG Á GLÆSILEGUM VERKUM.**

**Framúrskarandi tónlistarmenn**

Frábærir tónlistarmenn verða meðal þátttakenda. Kristín nefnir fiðluleikarann Díönu Adamyan sem leikur á tónleikum 10. ágúst. „Hún er nítján ára og vann Menuhin-fiðlukeppnina þegar hún var átján ára. Hún leikur fyrir okkur ásamt Richard Simm, en hann hefur komið fram með mörgum helstu listamönnum landsins eftir að hann settist að hér á landi. Hingað kemur líka ung kona, hálf íslensk og hálf bandarísk, sem var með okkur á fyrsta námskeiðinu, Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, og heldur hádegistónleika 11. ágúst ásamt píanóleikaranum Jane Ade Sutarjo sem er frá Indónesíu. Geirþrúður þykir einn efnilegasti sellóleikari landsins og stundar meistaranám við Juilliard.

Alls verða haldnir fimm masterklassar á námskeiðinu og níu nemendatónleikar og kennararnir halda líka eigin tónleika sem hafa verið mjög vinsælir. Það er mjög þakklátt fyrir nemendur að hlusta á fólkið sem þeir vinna með og kenna þeim.“

**Veglegir hátíðartónleikar**

Akademían verður opnuð með tónleikum í dag, 6. ágúst, þar sem fluttir verða strengjakvartettar, afrakstur námskeiðs með Sigurbirni Bernharðssyni fiðluleikara sem starfar nú við Oberlin-tónlistarháskólann í Bandaríkjunum.

Akademíunni lýkur með hátíðartónleikum 15. ágúst. Á fyrri hluta tónleikanna leikur strengjasveit Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar nokkur verk en víðkunnur fiðluleikari, Eugene Drucker, mun leiða sveitina. Á seinni hluta tónleikanna flytur New Music of Strings nýja og nýlega kammermúsík.

Dagskráin er opin öllum og Kristín segir aðsóknina ætíð hafa verið góða og að nokkuð sé um að erlendir ferðamenn sæki viðburðina.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag

## í öllum verslunum Bónus

**Foreldað**
Aðeins að hita




**1.598 kr./stk.**

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **11. ágúst** eða meðan birgðir endast.

VALITOR

# Náðu þér í Stöð 2 appið

í boði fyrir alla

Horfðu á þitt uppáhaldsefni í snjalltækinu þegar þér hentar.

- Útgáfa fyrir Apple TV 4 / 4K
- AirPlay og Chromecast stuðningur
- Vefsjónvarp á sjonvarp.stod2.is

Sæktu það á App Store

Sæktu það á Google Play




stod2.is | 1817




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2016-2017 Hafnarfjörður - Ölfus**
**14.15 Andri á flandri í túristalandi**
**14.45 Manstu gamla daga? Blómatímabilið**
**15.45 Ferðastiklur Hekluslóðir** Hekla er eitt frægasta eldfjall í heimi. Hún á það til að gjósa kröftuglega, með sprengingum og látum en inn á milli gýs hún smærri gosum. Fólki hefur samt sem áður tekist að koma sér vel fyrir í nágrenni hennar og allt um kring má finna stórmerkileg náttúrufyrirbrigði. Lára Ómarsdóttir fer ásamt Ómari Ragnarssyni, föður sínum, á eldgosaslóðir þar sem maðurinn hefur komið sér þægilega fyrir við rætur eldfjallsins og skoðar leið sem er ólík öllum öðrum.
**16.30 Viðtalið, Aleqa Hammond**
**16.55 Íslendingar, Jónas Árnason** Jónas Árnason, rithöfundur og alþingismaður, fæddist á Vopnafirði 1923 en ólst upp í Reykjavík. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1942 og nam síðar við Háskóla Íslands og í Bandaríkjunum. Jónas var skemmtilegur penni og einstakur söngtextahöfundur og sendi frá sér fjölmargar bækur og leikrit.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ósagða sagan**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.47 Bílskúrsbras**
**18.50 Landakort Oddi** Eitt merkasta framlag Íslendinga á miðöldum til viðfangsefna raunvísinda er svokölluð Odda-tala, sem er felld inn í Rímbeglu, rit frá 12.öld þar sem er að finna ýmiss konar fróðleik um stjörnur og rím.
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarið**
**20.00 Treystið lækninum**
**21.00 Njósnarinn**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 HM íslenska hestsins** Samantekt frá keppni dagsins á HM íslenska hestsins sem fram fer í Berlín. Umsjón: Gísli Einarsson. Dagskrárgerð: Óskar Þór Nikulásson.
**22.40 Uppljóstrari** Bresk spennuþáttaröð í sex hlutum um Raza, ungan mann af pakistönskum uppruna, sem er neyddur til að gerast uppljóstrari fyrir hryðjuverkadeild lögreglunnar. Eftir því sem hann dregst lengra inn í undirheima verður staðan flóknari og hættulegri, bæði fyrir hann sjálfan, fjölskyldu hans og lögreglutvíeykið sem hann starfar fyrir. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Haltu mér, slepptu mér**
**00.30 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 LPGA Tour**
**13.00 Wyndham Championship** Útsending frá Wyndham Championship á PGA-mótaröðinni.
**17.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.
**17.55 Wyndham Championship**
**22.55 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**23.45 US Women's Open** Útsending frá US Women's Open 2019.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 American Housewife**
**14.15 Charmed**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 The Neighborhood**
**20.10 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 The Good Fight**
**21.50 Star** Þrjár hæfileikaríkar söngkonur fara saman til Atlanta til að reyna að slá í gegn.
**22.35 i'm Dying up here**
**23.35 The Tonight Show**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tríó**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur Reykjavíkurstúlkan**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**19.30 Útvarp KrakkaRÚV Menningarheimurinn og Alheimurinn - Stjörnustríð**
**20.30 Á reki með KK**
**21.30 Kvöldsagan. Hringsól**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30 The Red Turtle**
**13.50 Robot and Frank**
**15.20 Charlie and the Chocolate Factory**
**17.15 The Red Turtle**
**18.35 Robot and Frank**
**20.05 Charlie and the Chocolate Factory**
**22.00 Every Secret Thing**
**23.35 American Fango**
**01.20 Marshall**
**03.20 Every Secret Thing**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Suits**
**10.15 NCIS**
**10.55 Curb Your Enthusiasm**
**11.30 Jamie's Quick and Easy Food**
**11.55 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance**
**14.20 So You Think You Can Dance**
**15.45 The Goldbergs**
**16.10 Nettir Kettir**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Veður**
**19.00 Hálendisvaktin**
**19.30 The Goldbergs**
**19.55 Puppy School**
**20.55 Our Girl**
**21.50 Jett**
**22.40 Knightfall**
**23.25 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.55 Veronica Mars**
**00.40 Divorce**
**01.15 Wentworth**
**02.10 You're the Worst**
**02.35 Lucifer**
**03.20 Lucifer**
**04.00 Lucifer**
**04.45 S.W.A.T.**
**05.30 S.W.A.T.**

## STÖÐ 3

**19.10 Kevin Can Wait**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute UK**
**21.40 The Hundred**
**22.25 Supernatural**
**23.10 The Last Ship**
**23.55 Westworld**
**00.55 Kevin Can Wait**
**01.20 Seinfeld**
**01.45 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55 Tottenham - Inter** Útsending frá leik í International Champions Cup.
**10.05 Ludogorets - Valur**
**11.45 Huddersfield - Derby** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**13.25 Barnsley - Fulham** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**15.05 Nottingham Forest - WBA** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**16.45 Huddersfield - Derby**
**18.25 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni, EFL.
**18.55 FH - ÍA** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**21.15 ÍBV - HK** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**22.55 Portsmouth - Birmingham** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**00.35 UFC Now** Þættir þar sem farið er ítarlega í allt sem við kemur UFC og blönduðum bardagalistum.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**18.40 Portsmouth - Birmingham** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



ÚRVAL ÚTSÝN

ICELANDAIR

ALLT INNIFALIÐ

ÓTAKMARKAÐ GOLF & GOLFBÍLL

# FARÐU Í FRÍIÐ Á HOLU Í HÖGGI Á ALICANTE

El Plantio er 4* golf hótel og er okkar vinsælasti golfáfangastaður. Frá hótelinu er aðeins um 5 mínútna akstur á Alicante flugvöllinn og 10 mínútna akstur í miðbæ Alicante. El Plantio er mjög góður valkostur fyrir kylfinga á öllum stigum. Þar er boðið upp á fína æfingaaðstöðu. Hér er allt innifalið í mat og drykk (innlendir drykkir), boðið er upp á ótakmarkað golf alla daga, golfbíl fyrir fyrsta hring dagsins og íslenska fararstjórn, það er því engin þörf á að taka upp veskið.



### Á TÍMABILINU 10. - 26. SEPTEMBER

Margar brottfarir í boði, ýmist í 7, 9 eða 12 daga. Allt innifalið, ótakmarkað golf, golfbíll, matur og drykkir (innlendir drykkir).

VERÐ FRÁ **214.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðna, brottför 13. september, 7 daga ferð.

### Á TÍMABILINU 1. - 15. OKTÓBER

Margar brottfarir í boði, ýmist í 5, 7, 9 eða 12 daga. Allt innifalið, ótakmarkað golf, golfbíll, matur og drykkir (innlendir drykkir).

VERÐ FRÁ **194.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðna, brottför 3. október, 5 daga ferð.

### Á TÍMABILINU 19. SEPTEMBER - 8. OKTÓBER

Margar brottfarir í boði, ýmist í 7, 9, 12 eða 14 daga. Allt innifalið, ótakmarkað golf, golfbíll, matur og drykkir (innlendir drykkir).

VERÐ FRÁ **214.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðna, brottför 20. september, 7 daga ferð.

### Á TÍMABILINU 15. - 31. OKTÓBER

Margar brottfarir í boði, ýmist í 5, 7, 9 eða 12 daga. Allt innifalið, ótakmarkað golf, golfbíll, matur og drykkir (innlendir drykkir).

VERÐ FRÁ **194.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðna, brottför 24. október, 5 daga ferð.

## ÚRVALSGOLFARAR 65+

**BROTTFARIR 17., 19. OG 24. SEPTEMBER**

Margar brottfarir í boði, ýmist í 8, 13 eða 15 daga. Skemmtilegar golfferðir þar sem gleði og gaman verður í fyrsta sæti. Allt innifalið, ótakmarkað golf, golfbíll, matur og drykkir (innlendir drykkir).

VERÐ FRÁ **219.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðna, brottför 24. september, 8 daga ferð.

SJÁÐU MEIRA Á

**URVALUTSYN.IS**

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFA Í SÍMA **585 4000**

EÐA SENDU OKKUR PÓST Á **SPORT@UU.IS**

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.



## KVENNAFERÐ ÚÚ

**8. - 15. OKTÓBER**

Ekki láta þig vanta í þessa skemmtilegu ferð þar sem aðal áherslan verður að spila golf í góðum félagsskap. Allt innifalið, ótakmarkað golf, golfbíll, matur og drykkir (innlendir drykkir).

VERÐ FRÁ **219.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 konur saman í íbúð,
Verð frá 233.900 kr. miðað við 2 konur saman í íbúð

## EKKI MISSA AF AÐAL FJÖRINU!

# GOLFVEISLA ÚRVAL ÚTSÝN

Nú er færi á að lyfta sér aðeins upp! Einstök ferð þar sem keppt verður í fleiri golfmótum og fagnað saman samsinnis!

31. október - 12. nóvember

VERÐ FRÁ **199.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðn a í íbúð. Verð á mann 229.900 kr. m.v. 2 fullorðna í íbúð.

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# Velheppnaður Innipúki

Tónlistarhátíðin Innipúkinn var haldin með pompi og prakt úti á Granda um nýafstaðna helgi. Skipuleggjendur segja þetta einn stærsta Innipúkann hingað til, í það minnsta síðan hann var haldinn á Nasa á sínum tíma.

Tónlistarhátíðin Innipúkinn fór fram nú um helgina og gekk vonum framar að sögn skipuleggjenda. Vel var mætt á tónleikana enda var uppselt á hátíðina. Skipuleggjendur segja flutning Innipúkans úr miðbænum út á Granda hafa gengið mjög vel og að flestir hafi verið sáttir við útkomuna.

„Þetta var líklegast stærsti Innipúkinn sem haldinn hefur verið, eða síðan hann var haldinn á Nasa. Grandinn kom gríðarlega vel út og verður gaman að sjá Púkann þróast þar áfram,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar, þegar Fréttablaðið nær tali af honum.

Einar Stefánsson, viðburðastjóri hjá Red Bull og einn af þeim sem sáu um að skipuleggja Útipúkann, tekur í sama streng.

„Þetta var fallegasti Inni- og Útipúki sem ég hef upplifað. Það var einstök stemning og seldist upp á öll kvöldin. Þetta var frábært svæði til að halda svona hátíð á. Smá eins og að vera í síki,“ segir Einar.

steingerdur@frettabladid.is



Tónlistarkonan Svala Björgvinsdóttir kom fram um helgina ásamt dönsurum. MYNDIR/VÍÐIR BJÖRNSSON



Bersýnilegt að hátíðargestir voru sáttir við Innipúkann í ár.



Tónlistarmaðurinn sívinsæli Daði Freyr hefur verið á landinu í sumar og duglegur að koma fram.



Bríet spilaði á Útipúkanum, en meginþorri dagskrárinnar stóð saman af konum.



Katla Ásgeirsdóttir plötusnúður hélt uppi stuðinu á Útipúkanum.



Einar Stefánsson, viðburðastjóri hjá Red Bull, var einn af þeim sem komu að skipulagningu Útipúkans. Hann var ánægður með helgina.



Auður kom fram við góðar undirtektir gesta hátíðarinnar.



Listakonan Birna María tók þátt í listamarkaði sem haldinn var samhliða tónlistarhátíðinni.




**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **IKEA.is**

IKEA®








**Sigursteinn Sigurðsson, Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, Logi Bjarnason og Bára Dís Guðjónsdóttir skipuleggja hátíðina ásamt Sigrúnu Gyðu.** MYND/SIGNÝ ÓSKARSDÓTTIR

# Samtímalist í Borgarnesi

Um næstu helgi fer fram listahátíðin Plan-B í Borgarnesi. Hún er nú haldin í fjórða skiptið. Skipuleggjendur vildu stuðla að auknu framboði á samtímalist á landsbyggðinni.

Um næstu helgi fer fram listahátíðin Plan-B í Borgarnesi í fjórða skiptið. Um er að ræða samtímalistahátíð.

„Við skeytum saman ólíkum miðlum innan mynd- og sjónlista. Við púslum saman ólíkum listamönnum sem hafa ólíkan bakgrunn og notumst við óvenjuleg rými. Aðalsýningarrýmið í ár er í húsnæði þar sem Arion banki var áður,“ segir Sigrún Gyða Sveinsdóttir, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

„Við einblínum á að sýna myndlist í ólíkum formum, eftir fólk á öllum aldri, með ólíkan bakgrunn og af ólíku þjóðerni auk þess sem við leggjum áherslu á að borga þeim listamönnum sem sýna á hátíðinni.“

Í kirkjunni verður sýndur gjörningur og hluti dagskrárinnar fer fram á Landnámssetrinu.

„Á laugardaginn er gjörningakvöld í gömlu fjósi, rétt fyrir utan Borgarnes. Aðgangur á hátíðina er ókeypis og þetta er opið öllum.“

Sigrún segir tjaldaðstöðu á svæðinu góða og hvetur fólk til að gera sér ferð í Borgarnes til að upplifa listahátíðina.



**Sigrún Gyða segir skipuleggjendur hátíðarinnar hafi viljað auka framboð samtímalistar á landsbyggðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐ EINBLÍNUM Á AÐ SÝNA MYNDLIST Í ÓLÍKUM FORMUM, EFTIR FÓLK Á ÖLLUM ALDRI, MEÐ ÓLÍKAN BAKGRUNN OG AF ÓLÍKU ÞJÓÐERNI AUK ÞESS SEM VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á AÐ BORGA ÞEIM LISTAMÖNNUM SEM SÝNA Á HÁTÍÐINNI.**

„Við skipuleggjendurnir erum öll úr Borgarnesi. Okkur fannst vanta svona hátíð í bæinn, eða þessa týpu af list og listahátíð. Okkur langaði að opna sjóndeildarhring bæjarbúa líka og koma með meira af samtímalist inn í bæjarmenninguna. Við vildum færa meira af list út á landsbyggðina, og í þessu tilviki þá okkar heimahaga,“ segir Sigrún.

Hún segir bæjarfélagið hafa stutt dyggilega við bakið á þeim, sem og fyrirtæki á svæðinu.

„Við erum mjög þakklát fyrir það og það skiptir öllu máli. Svo vorum við tilnefnd til Eyrarrósarinnar í fyrra.“

Hún segir þau leggja mikið upp úr því að öllum listamönnum sé borgað fyrir vinnu sína á hátíðinni.

„Svo reynum við að blanda saman ólíkum listamönnum. Erum bæði með mjög reyna listamenn og svo aðra sem eru nýútskrifaðir eða jafnvel enn í námi. Við erum líka að fá til okkar dansara og fólk af sviðslistabraut.“

Plan-B fer eins og áður segir fram í Borgarnesi um næstu helgi.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


"it's finger lickin' good"
B.O.S.S BACON
BIG ORIGINAL SANDERS SANDWICH
1.299 kr.
Original kjúklingaborgari með beikoni, káli, lauk, osti, piparmajónesi og Boss sósu
KFC
1.999 kr.
Boss borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Prins Xtra

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Hauks Arnar Birgissonar




## Þetta er ekki fyndið

Til eru hópar í samfélaginu sem eiga undir högg að sækja. Þeir standa öðrum ekki jafnfætis þegar kemur að ýmsum réttindum, umfjöllun og virðingu. Í gegnum árin, áratugina og jafnvel aldirnar hafa þeir mátt þola níð, fordóma og óréttlæti af hálfu annarra. Með stöðugri baráttu sinni fyrir málstaðnum hefur þó flestum þeirra tekist að rétta hlut sinn. Baráttan skilar árangri.

Barátta og ofurviðkvæmni ganga samt sjaldnast hönd í hönd. Þótt þú standir í baráttu þá þýðir það ekki að allir séu á móti þér. Samsærið nær sjaldnast svo langt.

Skopmynd sem sýndi feitan og krumpaðan karlmann í kvennaklefa sundlaugar vakti um daginn hörð viðbrögð þeirra sem hafa sett baráttu transfólks á oddinn. Með myndinni var gert grín að nýjum lögum um kynrænt sjálfstæði. Formaður transfólks réði sér vart af vandlætingu og kallaði myndina „hræðsluáróður“ og gerði teiknaranum upp alls kyns annarlegar hvatir og þar með þeim lesendum sem brostu yfir myndinni. Það er stutt í að hugtakið „hatursorðræða“ skjóti upp kollinum og löggan verði kölluð til.

Róum okkur nú aðeins! Mér fannst teikningin fyndin en ég skil vel að ekki öllum hafi fundist það. Það skiptir bara engu máli. Húmor verður aldrei skilgreindur og það fær enginn að ákveða fyrir aðra hvað telst fyndið. Þá er engum hollt að taka sjálfan sig of hátíðlega því fáir eru staddir á svo alvarlegum stað í lífinu að ekki megi skopast að því. Ég vil transfólki allt hið besta en það, eins og allir aðrir, verður að þola að gert sé grín að því, því mikið væri lífið nú leiðinlegt ef allir brandarar fjölluðu um lögfræðinga og Hafnfirðinga.








GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

# Mikið úrval af heilsurúmum og dýnum

Full búð af nýjum vörum






BODYPRINT Reverie

**STILLANLEG HJÓNARÚM**

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.



**VALHÖLL frábær dýna í sumarbústaðinn**

5 svæðaskipt heilsudýna, pokagormakerfi og gæðabólstrun
**Verð frá aðeins kr. 74.900.-** m/botni og fótum

FLOTT Í SUMARBÚSTAÐINN





**SVEFNSÓFI PIU**
Medium Arm Antracite
Belgískur Svefnsófi fyrir þá allra kröfuhörðustu.
Mjög sterk grind með góðri gormadýnu.
Slitsterkt áklæði - **Verð kr.369.900.-.**

**YARIS SVEFNSÓFI**
Góður svefnsófi á góðu verði.
Svefnsófi er úr gráu slitsterku áklæði með 140 memory foam dýnu
**Verð aðeins kr. 154.900.-**



**PRESTON - SVEFNSÓFI** / Einnig fáanlegur sem tungu-svenfsófi
Góð memory foam dýna sem er 140 cm á breidd.
**Verð aðeins kr. 249.900.-**

Frábært úrval af sófum og svefnsófum

12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR



**LYFTU-HVÍLDARSTÓLL - KOMIN AFTUR**
Þessir vinsælu hvíldarstólar eru með ekta leðri á slitflötum og PU-leðri á hliðum og baki.
Stólarnir eru mjög þægilegir og styðja vel við lágbak.
Hægt er að stilla þá frá því að sitja uppréttur að því að leggjast vel afturábak.
Góðir stólar á frábæru verði - 3 litir.
**Verð aðeins kr. 119.900.-**

**ÚRVAL AF BAÐSLOPPUM**
fyrir dömur og herra
Handklæði í úrvali
góð í sumarbústaðinn



Svefn & heilsa

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

vefverslun svefnogheilsa.is

Umboðsaðilar: I Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði I Lúxus húsgögn - Egilsstöðum